Ballettskóli Eddu Scheving er með kennslu í safnaðarheimili Háteigskirkju við Háteigsvég og í Grafarvögi og kostar námskeið fyrir þriggja til sex ára 15.800. Námskeið fyrir þriggja til sex ára í Ballettskóla Sigríðar Ármann kostar 16.500 en kennsla fer fram í Skipholti og í íþróttahúsi Breiðablikis.

Innritun er hafin í öllum skólunum.

**■ Verslun og þjónusta****Nettenging vel utan alfaraleiðar**

Og Vodafone hefur tekið í notkun netsíma og nettengingu fyrir verktafayrirtæki sem vinna við virkjun Orkuveitu Reykjavíkur á Helliseiði. Virkjunin var fyrir utan hefðbundið þjónustusvæði á síma og neti og því þarfí Orkuveita Reykjavíkur að leggja því hundruð metra langa ljósleiðaratengingu til þess að hægt væri að tengja fyrirtækin um Netið. Hugmyndin er að auðvelda starfsmönnum aðgengi að háhraðanetin innan sem utan vinnutíma. Erlendir starfsmenn geta verið í betra sambandi við fjölskyldur sínar og hægt verður að sínna bankamálum gegnum heimabanka í stað þess að keyra til Reykjavíkur, svo dæmi séu tekin.

BYLGJAN 20 ÁRA

Gulli Helga og Hulda Gunnars leiða Ísland í bítið föstudaginn 25. ágúst milli kl. 7 og 9 í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar. Útvarpssaga Íslands með skemmtilegum uppákomum.

BYLGJAN 989

GOTT HOLM McCANN

15.000 á mánuði fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar

Sjónvarpsáhorf, ein helsta tómstundaiðja landsmanna, getur verið jafn dýrt og það er skemmtilegt. Fréttablaðið kannaði hvað það kostar að horfa á sjónvarp á Íslandi í dag.

Eina rás þurfa allir sjónvarps-eigendur að borga fyrir, en það er sjálf Ríkissjónvarpið. Þar er afnotagjald 2.705 krónur á mánuði fyrir útvarps- og sjónvarpsnotkun. Ekki er um neina aðra pakka að ræða hjá Ríkissjónvarpinu, enda aðeins ein sjónvarpsrás í boði.

Undir merkjum Skjássins eru sjónvarpsstöðvarnar Skjár Einn og Skjár Sport, sem sýnir enska boltann. Skjárin býður líka upp á gagnvirk sjónvarp þar sem áhorfendur geta pantat sér bíómyndir og horft á þegar þeim hentar. Jafnframt er hægt að horfa á fjölda erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Skjáinn.

EKKI þarf að greiða fyrir áskrift að Skjá Einum en bíómynd kostar 250-450 krónur eftir því hvort hún er ný eða gömul. Hægt er að horfa á hana í einn sólarhring frá því borgað er fyrir hana. Mánaðaráskrift að Skjár Sporti kostar 2.495 krónur en 1.990 krónur bindi viðskiptavinur sig í tólf mánuði. Hægt er að blanda erlendu sjónvarpsrásunum saman í ótal áskriftarleiðir en vilji maður ná öllum þeim erlendu rásum sem Skjárin hefur upp á að bjóða kostar mánaðaráskriftin 3.995 krónur. Innifalið í því verði eru um sextíu sjónvarpsrásir.

Digital Ísland býður upp á Stöð 2 og Sýn ásamt fjölda erlendra sjónvarpsstöðva. Mánaðaráskrift að Stöð 2 kostar 5.450 krónur en 4.995 skuldbindi viðskiptavinur sig í tólf mánuði. Áskrift að Sýn kostar 4.790 krónur á mánuði. Líkt og hjá Skjánum er boðið upp á ýmis konar samsetningar á erlendum stöðvum en sé keypt áskrift að þeim öllum, fjörutíu



SJÓNVARP Eitt sjónvarpstæki dugir varla til ef ná á öllum íslenskum sjónvarpsstöðvum sem boðið er upp á. Vasarnir þurfa líka að vera nokkuð djúpir því mánaðaráskrift að Ríkissjónvarpinu, Stöð 2, Sýn og Skjár Sporti kostar um fimmán þúsund krónur. Erlendar stöðvar bætast síðan ofan á það verð, en margvíslegir pakkar eru þar í boði.

og fimm talsins, kostar það 4.290 krónur mánaðarlega.

Vilji sjónvarpsáhorfandi ekki missa af neinu þarf hann því að borga fyrir áskrift að Ríkissjónvarpinu, Stöð 2, Sýn og Skjár Sporti. Ef erlendar sjónvarpsstöðvar eru ekki teknar með inn í reikninginn borgar þessi tilteknar áhorfandi um fimmán þúsund krónur á mánuði fyrir sjónvarpsáhorf sitt.

Aðli hann að ná einhverjum erlendum stöðvum þarf hann að bæta um fjögur þúsund krónum

við mánaðarlega, gefið að hann kaupi sér aðeins einn heildar-pakka með erlendum rásum.

salvar@frettabladid.is

RÚV	2.705
Stöð 2	5.450
Sýn	4.790
Skjár sport	2.495
Biómynd hjá Skjánum	250-450
hver mynd	
Erlendar rásir (Heildarpakki)	
Digital Ísland	4.290
Skjáinn	3.995

Með nýrri örbylgjutækni gæti farsíminn leyst hefðbundin greiðslukort af hólmi:

Greiðslukortið í farsímanum

Svo gæti farið að örbylgjuflögur (RFID) verði tekna upp í stað greiðslukorta þegar greitt er fyrir vörur og þjónustu. Örbylgjuflögnum væri hægt að koma fyrir í farsínum og yrðu þeir þannig alþjóðlegt greiðslutæki sem gætu komið í stað greiðslukortins.

Stærstu verslunarfyrirtæki heims hafa gert tilraunir og bróað þessa tækni í samstarfi við bekkt tækni-fyrirtæki eins og Nokia.

Um 20 milljónir Bandaríkjamanna eiga nú greiðslukort með örþjórvu sem gerir korthafanum kleift að ljúka kaupum með því að bera kortið að snertilausum kortalesara í stað þess að renna kortinu í gegnum segulrandarles-

FARSÍMI Svo gæti farið að farsíminn yrði alþjóðlegt greiðslutæki.



Njóttu þess besta...

Bestir i kjöti
NÓATÚN

i 40 ár

Úr
Fiskborði
Nóatúns

Ísudagar í Nóatúni

Úr
Kjötbordi
Nóatúns

LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU

1.498
kr.
kg

LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU

1.398
kr.
kg

ÝSA Í SÓSU
798
kr.
kg



VILTU HITTA
**DAVID
BECKHAM**

Kauptu kippu af 2L Pepsi eða Pepsi Max og þú gætir unnið ferð til Madrid á Spáni þar sem David Beckham og þjálfarar leiðbeina þér í fótbalta. Æfingin skapar meistarann!

1. VINNINGUR:

- » Ferð til Madrid að hitta Beckham
- » Tvær nætur á hótelri
- » Allar máltíðir
- » Allur ferðakostnaður
- » Kennslustund og myndataka
- » Bakpoki
- » Fararstjórn og fylgd



AURAVINNINGAR:

- » 3000 Pepsi fótboltar



...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

3 BLÓMAKER FRÁ ASÍU

AH! Stærsta blómakerið er mjög stórt.
Verð áður 4999kr. - Verð nú 2000kr.



Dásamlegir

GJAFAPAPPÍRINN
Líttu á hann!
70 x200 sm

70 x 200 sm
25,9
RÚLLAN KR.

MULLIGAN
24 BOLTAR

25 diskar
1499
CD ROM

52X

52X

25 Samsung

24
BOLTAR

1299

MYNDAPAPPÍR

20 A4 blöð

499

KR.

500 blöð

299

KR.

NOR. COPY business

Ljósritunar

pappír

500 blöð

Ljósmyndapappír
20 blöð - 180g A4

KF lambalæri villikryddað

KJARNAFÆDI

30%
afsláttur
við kassan



KJARNAFÆDI AKUREYRI

9 soft Breeze WC rúllur



KÍLÓBRAUD
98
BÓNUS KORN KR.



KÍLÓ
BRAUD



REYKT SKINKA
799
kg KR.
Merkt verð 888kr.



1 litri trönnuberjasafi
199
KR.



MALAKOFF
719
kg KR.
Merkt verð 799kr.



Bónus álegg
BETRA VERÐ!



SMYRILL
98
400g KR.



100 CEYLON TEPOKAR
100 g 7 g
Tea Bag/Tea/Tea

Tilboð í viku 34 gilda til sunnudags eða á meðan birgir endast

dagar í Bónus!

OS FETAOSTUR 250g



ALI grill svínakótelettur og úrbeinaður svínahnakki



www.bonus.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15	5.906	+1,01%	Fjöldi viðskipta: 749
			Velta: 7.438 milljónir
MESTA HÆKKUN			MESTA LÆKKUN
Össur	+4,05%	Mosaic Fashions	-1,16%
Glitnir	+2,12%	FL Group	-0,56%
Icelandic Group	+2,47%		

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSÍTÖLU: Actavis 66,30 +0,46% ... Alfræsa 4,68 +0,21% ... Atlantic Petroleum 561,00 +0,36% ... Atorka 6,12 +1,16% ... Avion 33,80 +0,00% ... BakkaVör 52,80 +0,57% ... Dagsbrún 5,27 +0,77% ... FL Group 17,70 -0,56% ... Glitnir 19,30 +2,12% ... KB banki 806,00 +0,75% ... Landsbankinn 24,20 +1,26% ... Marel 80,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 -1,16% ... Straumur-Burðarás 16,10 +1,90% ... Össur 128,50 +4,05%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

SPRON skilar 2,6 milljörðum í hús

Yfir 67 prósent aukning hagnaðar á milli ára.

Methagnaður varð af rekstri SPRON á fyrrri hluta ársins eða 2.627 milljónir króna. Til saman-

burðar var afkoma sparisjóðsins tæpir 1,6 milljardar á sama tíma í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 37 prósent á ársgrundvelli.

Hreinar rekstrartekjur SPRON voru um 5,1 milljardar króna og hækkuðu um helming á milli ára. Stærstur hluti tekna var annars vegar hreinar vaxtatekjur, sem voru um 1.657 milljónir og jukust um helming, og hins vegar gengishagnaður af hluta-

bréfum, sem var 1,8 milljarðar og jókst um 90 prósent. Hreinar bjónustutekjur námu tæpum hálfum milljarði og arðstekjur voru 464 milljónir og hækkuðu umtalsvert.

Rekstargjöld námu rúnum tveimur milljörðum króna og hækkuðu um 37 prósent á milli ára. Heildareignir SPRON þann 30. júní voru komnar yfir 153 milljarða króna og höfðu hækkað um rúman briðjung frá áramótum. Eigið fé var um 19,2 milljardar, um 47 prósent hækjun, sem meðal annars er tilkomin vegna aukningar stofnfjárár.

Að sögn Guðmundar Haukssonar, sparissjóðsstjóra SPRON, eru horfur góðar seinni hluta ársins.

- epa

Peningaskápurinn...

Eitt allsherjar samsæri?

Íslendingar fíjfesta fyrir 147 milljarða í Danmörku árin 2004 og 2005, og eru meðal stærstu erlendu fíjfesta í landinu. Ljóst er að ekki hefur dregið úr fíjfestingum íslendinga í Danmörku það sem að er árinu 2006, þrátt fyrir að Danir hafi reynt hvað þeir geta til að flæma íslenska fíjfesta á brott. Ekki er nóg með að dönskum fjölmöldum sé einstaklega illa við íslensku útrásarvíkingana, heldur taká fíjmálastofnanir og jafnvel stjórmála-menn þátt í leiknum. Þannig mat danska útibú hins norræna Nordea banka fast-eignafélagið Keops, sem Baugur á briðjungs-hlut í, tæplega helmingi lægra en kollegar þeirra annars staðar á Norðurlöndum. Nú síðast lýstu Sósíaldemókrata á danska þinginu því yfir að þörf væri á löggjöf til að koma í veg fyrir samstarf Nyhedsavisen og Danska póstsins um dreifingu hins nýja fríblaðs.



Fleiri í ónáð

Íslendingar eiga hins vegar óopinberan sendiherra í Danmörku. Sá heitir Sven Dam, kemur frá Jótlandi, er forstjóri 365 Scandinavia, og þekktur undir gælunafnini Saddam. Saddam lætur ekki vaða yfir sig á skítugum skónum og svarar öllum gagnrýnis-röddum fullum hálsi. Þannig gekk hann fram á dögum og sagði Nyhedsavisen síður en svo standa brauðfotum. Þá hvatti hann samkeppnisyfirlöð til þess að skoða samvinnu keppinautana, Dato og 24 Timer, um dreifingu blaðanna; þar væri komið skýrt dæmi um misnotkun á markaðsáðstöðu. Einn viðmælenda Börsen, virtasta viðskiptarits Dana, hefur hins vegar loks fundið ljóð á annars ágætu ráði Saddams „Nyhedsavisen gengur aldrei upp með þennan Jóta við stjórnvöllinn. Peir þurfa Kaupmannahafnarbúa“, sagði sá. Greinilegt að það eru fleiri í ónáð en íslendingarnir.

MARKAÐSPUNKTAR

Hráoliuverð lækkaði um rúman dal í Bandaríkjunum í gær í kjölfar upplýsinga um auknar olíubírgðir í landinu. Lækkun á markaði í Bretlandi nemur hins vegar rétt rúnum hálfum dal.

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 33 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins. Verðmætið hefur dregist saman um rúman milljárð króna eða 4 prósent á milli ára, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.

Eignaverðsvísitala Greiningardeilda KB banka lækkaði um 1,4 prósent í júlí og nánar lækkunin 1,9 prósentum að raunvirði. Tólf mánaða vöxtur vísítölunnar er kominn niður í 2,3 prósent en hann var 20 prósent í upphafi árs.



Slá stóru dönsku bönkunum við

Litlir bankar í Danmörku vaxa hraðar en þeir stóru og stela frá þeim kúnum.

Minni bankar og sparisljóðir í Danmörku sýndu að jafnaði betri arðsemi en stóru fjármálfyrirtækin á fyrri hluta ársins og hafa verið að stela markaðshlutdeild og viðskiptavinum frá risunum. Frá þessu er greint í samantekt Jyllands-Posten, en hún nær til 70 prósenta danska fjármálastofnana.

Jóski bankinn Ringkjøbing Landbobank sýndi hæstu arðsemi eiginfjár á fyrru hluta ársins eða um 42 prósent á ársgrundvelli samanborið við þrjátíu prósent árið áður. Í næstu sætum á eftir koma Sydbank (35 prósent), Amagerbanken (32 prósent), Totalbanken (29 prósent) og færeyski Sparikassinn (29 prósent).

Stóru bankarnir voru neðar. Jyske bank sýndi 24 prósenta arðsemi eigin fjár og Danske bank 23 prósenta.

Mikill vöxtur hefur verið í danska bankakerfinu á árinu líkt og því íslenska sem kemur að stærstum hluta til vegna mikils útlánavaxtar. Hefðbundinn bankarekstur skilar methagnaði en tap af fjárfestingum í hlutabréfum dró afkomuna niður.

Í umfjöllun blaðsins kemur einnig fram að smærri fjármálfyrirtæki hafi vaxið hratt frá því á tiunda áratugnum eftir að samþjöppun hófst hjá stærri bönkum. Á einum áratug hafi smærri bankar aukið fjölda útibúa um fjórðung á sama tíma og þeir stóru drógu saman seglin í þeim efnum sem lið í því að minnka kostnað.

PETER STRAARUP FORSTJÓRI DANSE BANK
Stærri bankar í Danmörku tapa markaðshlutdeild og kúnum til þeirra minni.

HP mælir með Windows XP Professional

TAKTU
PIG
MEÐ
PÉR.
TÖLVAN ER
PERSONULEG
Á NÝ.

WWW.FARTOLVUR.IS

Pjóðverjar svartsýnir

Væntingavísitan í Þýskalandi fél um 20,7 punkta frá júlí og mælist mínus 5,6 stig í þessum mánuði. Vísítan hefur ekki verið lægri í fimm ár og benda niðurstöðurnar til að Þjóðverjar séu svartsýnni nú en áður um horfur í efnahagsmálum.

Verðhækkanir á olíu hafa komið illa við buddu neytenda auk þess sem búist er við að hækkun á virðisaukaskatti um þrjú prósentustig um næstu áramót komi illa við landsmenn.

Pá eru líkur taldar á að hátt gengi evrunnar og hæging á hagvexti í Bandaríkjunum muni skilaðir í minni útflutningi vestur um haf.

Fastlega var búist við því að væntingavísitan myndi lækka



ANGELA MERKEL Kanslarinn fagnar auknum hagvexti í Þýskalandi.

en ekki var búist við jafnmikilli hækkun og raunin varð.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, tók fréttum um aukinn hagvöxt fagnandi í fyrradag og sagði Þýskaland ekki lengur „veika manninn í Evrópu“.

Sumum er evran eðlilegt skref



BJARNI MÁR GYLFASON

„Evran er kannski eðlilegt skref þessara stóru fyrirtækja sem eru að gera sig gildandi á alþjóðamaðraði og burfa á hví að halda að vera eftirsótt í augum fjárfesta alls staðar,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. Hann segir að hvort sem fólk í fyrirtækjum landsins smám saman að verða evrópskari og um leið hafi það áhrif á markaðinn hér.

Meðal fyrirtækja sem hér eru skráð í kauphöll og hafa tekjur að mestu erlendis frá ágerist þessa dagana umræða um þann möguleika að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt. „Pessi þróun byrjaði fyrir nokkrum árum begar skattalögum var breytt á þann

hátt að fyrirtæki máttu gera upp í hvaða gjaldmiðli sem er,“ segir hann og bætir við að ljóst sé að á meðan hlutabréf séu skráð í krónum

um þau ekki jafnáltilegur fjárfestingarkostur. „Peir sem kaupa hlutabréf í krónum taka á sig mjög mikla gengis-áhættu og það hlýtur að fæla frá góða fjárfesta.“

Pá segir Bjarni áhugaverðar hugmyndir sem hreyft hefur verið við á vettvangi Alþýðusambands

Íslands um að greiða laun að hluta í evrum. „Svo má ekki gleyma að laun sjómannna, þótt þau séu ekki beintengd við evru, eru tengd við tekjur útgerðarinnar,“ segir hann og bendir á að fyrir þá væri mjög hagstætt að taka húsnæðislán í evrum.

Aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptaka evru sem gjaldmiðils í stað krónu er eitt af helstu stefnumálum Samtaka iðnaðarins. Bjarni segist ekki viss um að Evrópusambandið og evrumál verði hitamál í næstu Alþingiskosningum. „Ég óttast að menn forðist að ræða þetta, þrátt fyrir að brýn pörf sé á því. En sterkur brýstingur frá fyrirtækjum og atvinnulífi gæti breytt því.“ - óká

Nestlé græðir á matvælum

Svissneski matvælarisinn Nestlé skilaði rúnum 4,1 milljarði svissneskra franka, jafnvirði tæprá 239 milljarða íslenskra króna, í hagnað á fyrstu sex mánuðum ársins. Aukningin nemur 11,4 prósentum sem er í vörur frá Nestlé takt við væntingar greiningaraðila.

Hagnaðurinn er að mestu kominn vegna hagræðingar í rekstri fyrirtækisins og herra vörverðs í kjölfar hækkaná á hráefni.

Stjórn fyrirtækisins, sem er eitt hið stærsta sinnar tegundar og framleiðir meðal annars skyndikaffið Nescafé og Smarties-sælgæti, býst við hagnaði út árið og reiknar með að hann verði í hærri kantinum.

Endurfjármögnun að ljúka

Landsbankinn gefur út bandarísk skuldabréf fyrir 158 milljarða króna.

Landsbankinn hefur gefið út skuldabréf á bandarísku skuldabréfamarkaðnum fyrir 2,25 milljarða bandaríkjadal, eða sem nemur tæpum 158 milljörðum íslenskra króna. Um er að ræða stærstu einstöku lántökum íslensks banka á erlendum fjármálamörkuðum til þessa.

Lánið er í tveimur hlutum; annars vegar 1,5 milljarðar dala til fimm ára með föstum vöxtum og hins vegar 750 milljónir dala til þriggja ára með breytilegum vöxtum. Lántakan var í sameiginlegi umsjón Bank of America, Citi-group og Deutsche Bank.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að heildareftirspurn

beggja flokka hafi numið 3,6 milljörðum bandaríkjadal, eða 252,4 milljörðum króna, og því hafi verið ákveðið að hækka lántökufárhæðina úr einum milljardi dala í 2,25 milljörða.

Landsbankinn hefur með lántökunni lokið áttatíu og fimm prósentum af þeim lántökum sem koma á gjalddaga á árinu 2007.

Þá er allri endurfjármögnun vegna gjalddaga ársins 2006 lokið.

Grein-

HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSBANKA ÍSLANDS Landsbankinn hefur með útgáfu bandarískra skuldabréfanna lokið áttatíu og fimm prósentum endurfjármögnum sinnar vegna ársins 2007.



Hámarksafköst – Hámarksframistaða



HP Compaq nx6325

- AMD Sempron 3500 örgjörvi
- 15" XGA skjár 1024x768
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- ATI Mobility Radeon skjákkort með allt að 128MB
- Bíometrískur fingrafaralesari

verð kr. 129.900



HP Pavilion dv1599

- Intel Pentium M 760, 2GHz örgjörvi
- 14" skjár WXGA 1280x768
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- Intel skjákkort með allt að 128MB

verð kr. 155.900



HP Compaq nc6320

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 15" TFT skjár 1400x1050
- 512MB DDR2 vinnsluminni
- 80GB harður diskur SMART SATA
- 16X LightScribe DVD+/-RW Double Layer geislaskrifari
- Intel skjákkort með allt að 128MB
- Engar áhoggjur ábyrgð

verð kr. 199.900



HP Compaq nx9420

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 17" TFT WSXGA breiðtjaldsskjár 1680x1050
- 1024MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW SuperMulti Double Layer geislaskrifari
- ATI skjákkort með allt að 256M

verð kr. 224.900

Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluáðila:

Office 1 Superstore um land allt Oddi skrifstofuvörur um land allt HP Búðin, Reykjavík Start, Kópavogi Samhæfni, Reykjanesbæ TRS, Selfossi

Sími 550 4100
Sími 515 5000
Sími 568 5400
Sími 544 2350
Sími 421 7755
Sími 480 3300

Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki
Tölvubjónustan, Akranesi
Netheimar, Ísafjörður
Eyjafölvur, Vestmannaeyjar
Bókabúð Þórarinss Stéfánssonar, Húsavík

Sími 550 4100
Sími 575 9200
Sími 456 5006
Sími 481 3930
Sími 464 1234



Dual-core.
Do more.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Fleiri og fleiri hringja í Neyðarlínuna vegna barna.

Brot gegn börnum

Samkvæmt frétt hér í blaðinu í gær varðandi tilkynningar um brot gegn börnum virðist ekki hafa verið vanþörf að tekið væri upp samstarf Barnaverndarstofu og Neyðarlínunnar um slík brot. Hvorki meira né minna en 600 slíkar tilkynningar berast á hverju ári, en það samsvarar því að 50 tilkynningar berist í hverjum mánuði, eða nærrí því tvær á dag. Það eru að vísu dagaskipti og vikuskipti varðandi tilkynningar sem þessar, en þörfir fyrir tilkynningakerfi sem betta er greinilega fyrir hendi, þótt sumir hafi kannski haft efasemdir um það þegar betta samstarf var kynnt opinberlega í ársbyrjun 2004.

Ef menn telja að brotið sé gegn börnum á einhvern hátt, þá geta þeir hringt í aðalnúmer Neyðarlínunnar og tilkynnt um ætlað brot. Málið er þá afgreitt þar eftir eðli þess og í flestum tilfellum er því vísað til viðkomandi barnaverndarnefndar og í 10 til 20 af hundraði tilfella er lögregla send á staðinn, ef ætla má að þörf sé fyrir afskipti hennar.

Reyndar eru nokkur tilfelli á þessu ári, þar sem börnin sjálf hafa hringt í Neyðarlínuna, en annars er algengast að það sé annað hvort foreldrið.

Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs bárust 159 tilkynningar til Neyðarlínunnar um ætluð brot gegn börnum, og þar af var í langflestum tilfellum um að ræða tilkynningar vegna vanrækslu barna. 90 þessara tilfella voru í Reykjavík, enda mannfjöldinn þar mestur, og þar er þessi þjónusta kannski best kynnt og þörfir fyrir hana mest. Í lítlum samfélögum vitt og breitt um landið, þar sem allir þekkja alla ef svo má segja, koma nágrannarnir frekar til hjálpar ef eitthvað bjátar á hjá fjölskyldum, heldur en í þéttbýlinu, þar sem minni persónuleg kynni eru meðal ibúanna. Þar veigrar fólk sér kannski frekar við að hringja í Neyðarlínuna vegna brota gegn börnum. Þegar þessi starfsemi var tilkynnt var skýrt tekið fram að fyllsta trúnaðar væri gætt gagnvart öllum, og þess vegna ætti fólk ekki að hika við að tilkynna, ef það hefur grun um að brotið sé gegn börnum. Reyndar eru nokkur tilfelli á þessu ári, þar sem börnin sjálf hafa hringt í Neyðarlínuna, en annars er algengast að það sé annað hvort foreldrið.

Í viðtali við starfsmann Neyðarlínunnar um þessi mál í Fréttablaðinu í gær sagði Kristján Hoffmann: „Fólk veigrar sér kannski við því að ónáða aðra að kvöldi eða nóttu, eða þá að leita að símanúmerum. Það þarf að geta látið vita um leið og atburðurinn á sér stað, en vill þó ekki kalla á lögreglu. 112 er þá valkostur sem ég trúi að fólk eigi eftir að nota sér í vaxandi mæli.“

Það er mikilvægt að þessi þjónusta við borgarana þróist í rétta átt, því mál af þessu tagi geta verið mjög vandmeðfarin, og mikilvægt að hæft starfsfólk veljist til að sinna þessum málum. Neyðarlínunni er því vandi á höndum, en ekki er annað vitað en þessi starfsemi hafi gengið vel, og hún á greinilega eftir að vaxa, þegar tímar líða.

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

FRÁ DEGI TIL DAGS
<p>Allir standa uppréttrí Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarfloksins, gerir kosningar á nýafstöðnu flokkspíngi að umtalsfni í grein í Morgunblaðinu í gær. Jón fer yfir úrslitin og segir nafta sinn Sigurðsson hafa fengið ótvíraett fylgi í formannskjörinu, Sæunnar Stefánsdóttir komi mjög sterkt inn í forstúna og Guðni Ágússon hafi fengið traust fylgi í varaformannsembættið. Þá hafi Sív Friðleifsdóttir fengið góða kosningu og Jónína Bjartmarz verulegt fylgi. Niðurstaða hans er því sú að allir geti staðið uppréttrí eftir þessar kosningar.</p> <p>Hvað með Hauk? Jón minnist hins vegar ekki á Hauk Loga Karlsson sem fyrstur manna gaf</p> <p>Dráttur Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugmálinu, tilkynnti í vikunni að ekki verði endurákært í fyrsta lið málssins en hann snerist um kaup og sölu 10-11 verslananna. Í Fréttablaðinu 14.</p>

Jöfnuður, saga og stjórnmal

Skipting auðs og tekna á fyrri óldum er hulin béttri boku, því að engar nothæfar staðtölur eru til um ójöfnuð milli manna á fyrrí tíð. Við vitum, að himinn og haf skildu að lífskjör höfðingja og bræla til forna, en hversu mikill var munurinn? Tífaldaður? Hundraðfaldur? Púsundafaldur? Það er ekki vitað. Við vitum, að höfðingjar miðalda bárust sumir mikil á, alþýðan lapti dauðann úr skel, og bændur héldu hjúum í vistarbandi fram undir aldamótin 1900. Vistarbandið jaðraði við þrælahald og lagðist ekki af fyrir en eftir að aðrar þjóðir í höfðu afnumið þrælahald með lögum. Fátæktin brúgaði þjóðlífð. En enginn veit, hversu mikill ójöfnuðurinn var milli manna á miðoldum á mælikvarða nútímans.

Fátækt og ójöfnuður fyrri tíðar voru aðaluppsprettar nokkurra helztu félagsreyfinga tuttugustu aldar, þar á meðal verklýðshreyfingar og jafnaðarmannafloka, sem hafa haft mikil áhrif á félagsbróun Evrópu og um allan heim. Það var að miklu leyti fyrir þeirra tilverknad, að Evrópulöndin byggðu upp stöndug velferðarríki á öldinni sem leið, hvert eftir sinu höfði. Markmiðið var að útrýma fátækt og tryggja meiri jöfnuð milli þegnanna en áður hafði titkast. Þetta tókst að miklu leyti innan ramma blandaðs markaðsbúskapar. Önnur ónríki fylgdu fordæmi Evróplandanna, þar á meðal Bandaríkin og Japan. Í Japan ríkir svipaður jöfnuður tekna milli manna og í Svíþjóð. Japanar hafa reist sér breiðvirk, ríkt og friðsælt velferðarríki fyrir samstiltan tilverknad einkafyrirtækja og almannavalds.

Nýlegar rannsóknir á þróun tekjuskiptingar í Bandaríkjum sýna, að þar dró saman með ríkum og fátækum frá 1930 til 1980. Stefna stjórnvalda virðist hafa ráðið miklu um þessa þróun.

kost á sér til forystuembættis í floknum. Haukur Logi sóttist eftir ritarastarfinu og lengi vel stefndi í að fjóri yrðu í frambóði. Þegar á hölminn var komið var þó aðeins kosíð a milli hans og Sæunnar. Haukur Logi hlaut 82 atkvæði í ritarakjörinu en Jón gerir ekki tilraun til að greina stöðu hans. Haukur Logi getur svo sem staðið uppréttrí eftir kosningarnar en er varla sáttur.

Í DAG
AUKINN
ÓJÖFNUÐUR



PORVALDUR
GYLFASON

Fjórða hvert bandarískt barn býr við fátækt samkvæmt viðteknum skilgreiningum á móti tuttugasta hverju barni í Svíþjóð.

Demókratinn Franklin Roosevelt var kjörinn forseti landsins 1932. Kreppan mikla var þá nýskollin á, og Roosevelt beitti sér fyrir kjarábórum handa miðstéttinni. Hann var hástéttarmaður og uppskar óvild margra annarra hástéttarmana, sem töldu hann ekki sýna tilhlýðilega stéttvísí í störfum sínum. Æg fagna hatri þeirra, sagði Roosevelt og hélt sínu striki, og það gerðu eftirmenn hans úr báðum flokkum. Paul Krugman prófessor rifjaði það upp í dálki sínum í New York Times um dagninn, hvað repúblikaninn Dwight Eisenhower, forseti Bandaríkjanna 1953-1960, hafði að segja um þá flokksbraður sína, sem vildu rífa félagsumbætur Roosevelt upp með rótum: Þeir eru sárafáir, og þeir eru fífl, sagði Eisenhower. Síðan 1980 hefur ójöfnuður um landið aukizt til muna. Til marks um það má hafa hlutdeild þess hundraðsluta mannfjöldans, sem mestar hefur tekjurnar, í þjóðartekjum. Þegar Roosevelt varð forseti 1933, fél sjöttungur þjóðartekna í skaut 1% þjóðarinnar. Tekjuskiptingin jafnaðist svo með tímanum, að árið 1980 fél tólfти

ágúst sagðist Sigurður Tómas ekki útloka endurákæru og fjórum dögum fyrir, 10. ágúst, voru orð hans í Morgunblaðinu á sömu lund. Athyglisvert er að skjalid, sem fréttatíkynning Sigurðar Tómasar um áðurnefnda ákvörðun var skrifð í, var stofnað 10. ágúst, sama dag og hann sagði í Mogganum að ekki hefði verið tekin ákvörðun og fjórum dögum áður en hann sagði það sama í Fréttablaðinu. Vel má hugsa sér að sumum bæjum tildekkist að stofna skjal mórgum dögum áður en nokkuð er vitæð um hvað stóða eigi í því en hitt er ljóst að stundum eru ákvörðanir teknar löngu áður en þær eru opinberaðar.

bjorn@frettabladid.is

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkid.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐEÐ: 365 RITSTÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOBARRISTÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTÓRAR: Arndís Þorgerðsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Þrusti Halldóðson FULLTRUI RITSTÓRA: Björgvín Guðmundsson RITSTÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skáfthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSMÍÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Isafoldarprenstsmjóða ehf. DREIFING: Pósthús Í ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá bláðið í völdum verslunum á landsbyggðinum. Fréttablaðið óskur sér rétt til að birta allt efni bláðsins í stafrænu formi og í gagnabökum án endurgjaldi.

issn 1670-3871



MADDÖMUR MEÐ SÁL

Mæðgurnar Jósefína og Helga selja gamla muni með sál á Selfossi

HEIMILI 8

GYLLT LEÐUR OG LITAÐ RÚSKINN

Ökkaskór og leðurstígvel eru einkennandi fyrir skótiskuna í haust

TÍSKA 2



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

TÍSKA HEILSA HEIMILI

Karen Walker tilkynnti í fyrradag að hún myndi kynna vor- og sumarlinu sína fyrir árið 2007 á tískuvikunni í New York. Þetta þykja stórar fréttir þar sem Karen, sem er frá Nýja-Sjálandi, hefur verið ein af aðalhönnuðunum á tískuvikunni í London.



Tóbaksvarnalög voru væntanlega brotin á dögumnum þegar útværstöðin XFM gaf boðsmíða á bíómynd ásamt sigarettu þar sem skilyrði fyrir því að fá miðann var að reykja sigarettuna.

Innköllun á hugbúnaði stafrænna myndavéla af gerðinni HP Photosmart R707 frá Hewlett Packard fer nú fram á vegum Opinna kerfa ehf. og Hewlett Packard. Óhapp getur átt sér stað ef notendur myndavélanna reyna að stinga myndavélinni í samband við rafmagn því rafhlöðurnar í myndavélinni eru ekki hleðslurafhlöður.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
24. ágúst, 236. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 5.45 13.30 21.13
Akureyri 5.22 13.15 21.05

Heimild: Almanak Háskólangs



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Auður Þórðildur við risastóru eldavélina sína.

Ferlíki með sjarma

Auður Þórðildur Ingólfssdóttir keypti íbúð fyrir premur árum og með henni fylgdi eldgömul en forlát Eldavél.

„Ég er ekki með árgerðina á hreinu en hún er að minnsta kosti sextíu ára gömul, svo mikil er víst. Það ótrúlega er að það virkar allt í henni og hún virðist ekkert vera á leiðinni að gefa upp öndina,“ segir Auður en eldavélin hefur vakið mikla athygli hjá gestum hennar enda gefur hún eldhúsini skemmtilegan blæ. „Hún er náttúrulega risastór þannig að hún fer ekki fram hjá neinum. Samt sem áður passar hún vel inn í eldhúsíð og er síður en svo fyrir. Þegar fólk kemur inn í nýja íbúð fær gólfíð, skáparnir eða annað gullhamrana. Hér tala allir um eldavélina enda er hún alveg einstök. Konan sem átti íbúðina á undan mér sá greinilega svoltið eftir henni og bað mig um að hafa samband ef ég ætlaði að losa mig við hana.“

Eldavélin er af tegundinni „General Electric“ og sómir sér vel sem amerískt ferlíki með öllu tilheyrandri. „Allar hellur eru virkar og það eru tveir ofnar sem eru svo stórir að maður gæti næstum því eldað 100 kg búrhval í þeim. Hægt er að nota báða ofnana í einu þannig að það er lítið mál að henda í tuttugu sortir um jólin. Svo fylgja salt- og piparstaukar með og inni í ofnunum eru litlar skúffur undir hellunum þar sem er að finna alls kyns ráðleggingar í matreiðslu. Ein vinkona mín sagði að það vantaði bara stýri á eldavélina svo maður gæti keyrt í burtu á henni – maður fær þannig tilfinningu fyrir henni. Annars er voða gaman að elda á henni og bað myndast skemmtileg stemning í kringum það. Hér er alltaf verið að elda eitthvað þannig að hún hentar mér mjög vel,“ segir Auður að lokum.

erlabjorg@frettabladid.is

alvöru orkudrykkir




BOMBA

nytt

bomba

nytt</

Beltin eru ekkert á leiðinni úr tísku. Þau eru áberandi í hausstískunni og jafnvel mætti nota fleiri en eitt í einu.



Ertu skóhólisti?

Það er til lausnl
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar
en svar þitt við hrúgunum sem
færða út úr skóskánum.
Öskjurnar eru líka til í staðnum fyrir
stígvéladrugarnenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluáðferðina.



www.theclearbox.com - sími 511 0909

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 5450 • www.belladonna.is



Nýjar vörur
frá



Vertu þú sjálf
- vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15
www.belladonna.is

Beautybox



40% afsláttur
á meðan birgðir endast

verð áður 3.300 kr
Nú aðeins 2.200 kr

**Tösku- og
hamkabréðin**

Stærsta töskuverslun landsins
Skólavörðustíg 7, Rvk,
Sími 551 5814

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu
fengið Fréttablaðið. En til vonar
og vara skaltu klippa þetta símanúmer
út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Gyllt ökkaskór frá Skór.is. 12.995 kr.

Flatbotna ballettskór með glimmerí frá Skór.is. 3.995 kr.

Fjólubláir rúskinnsskór frá Nine West. 12.990 kr.

Gyllt leður og litað rúskinn

Litað rúskinn, ökkaskór og stígvél virðist vera það sem koma skal í skótískunni í haust.

Verslanir fyllast nú af nýjum haustvörum. Tískan breytist eins og lög gera ráð fyrir og áherslur breytast með árstíðaskiptum. Litið var við í nokkrum skóbúðum í Kringlunni til að forvitnast um hvað verður heitast í haust og vetur.

Ökkaskór koma sterkir inn. Þeir eru af ýmsum gerðum en þó minna þeir töluvert á tímabil Loðvíks 14. Litað rúskinn er einnig áberandi, allt frá grænu til fjólubláss. Dá eru stígvél klassísk, sérstaklega á veturna enda henta þau vel fyrir þá veðráttu sem ríkir á landi ísa.

Gelluskór og opnar, flatbotna tátíljur eru þó aldrei langt undan.

-sgj/-eo



Brún kúrekastíg-vél frá GS skóm. 22.990 kr.



Gyllt gelluskór frá GS skóm. 8.990 kr.

Grænir rúskinnss ökkaskór frá Nine West. 24.990 kr.

Brúnir og gyllt ballettskór frá Focus. 6.990 kr.

Brún stígvél frá Focus. 10.990 kr.

Svört krumpustígvél frá Skór.is. 6.995 kr.

Há leðurstígvél, reimuð með rennilás á hliðinni, frá Nine West. 22.990 kr.

Svartir ökkaskór frá Focus. 6.990 kr.



Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Fylltir hælar, slöngustígvel og víniltöskur

Að vanda er skótískan fyrir veturinn mikil til samansett af leðurstígvelum. Það má kannski segja að stígvel séu meira en nokkun tíma ádur í tísku. Sérkennið í vetur eru þó stígvel með fylltum hæl (platform) en slískir hælar sáust mikil á skóm nú í sumar. Reyndar voru stígvel nokkuð áberandi í sumartískunni þó yfirleitt séu þau frekar í vetrarlínunni. Fyllti hællinn er í takt við tíðarandann sem síðustu misseri hefur mikil mótað af sjóunda áratugnum. Stígvelin eru úr ýmiss konar leðri svo sem mjúku lambsskinni eða sterkara kálfsskinni, jafnt flatbotna sem með tíu sentimetra hæl og hællinn er að sjálfsögðu breiður. Aðalnýjungin í vetur er lakkað leður eða þá „vínil“ sem ekki er verra þar sem í töskunum má finna sama efni. Hjá tískuhúsi Chanel er aðalhandtaskan í vetur væntaleg í búðir 1. september, það er hin svokallaða „Coco's cabas“ sem er eins konar sekkur úr vínil eða leðri. (Litlar töskur eru alveg úti – því stærri, því betri.) Svo mikil er eftirvæntingin eftir þessari nýju tösku að búðirnar setja æsta viðskiptavini á biðlista til þess að tryggja sjúkustu fórnarlömbum tískunnar sitt eintak af hinni ómissandi tösku. Enda er hún í tískubáttum í öllum blöðum Parísar þessa dagana.

Sum stígvelanna eru loðfóðruð með kanínu eða mink. Loðfóðrið rímar að sjálfsögðu við loðfeldina sem sjást nú meira. Ekki má heldur gleyma slönguskinninu sem, eins og í handtöskum, hefur nú hafið innreið sína í skótískuna, bæði í kvöldskóm en einnig í stígvelum. Þetta má til dæmis finna í vetrarlínu Sergio Rossi og hjá Gucci. Það er eins víst að finna megi krókódflastígvel þó ég hafi ekki enn rekist á þau sem passa vel við metsolutösku tískuhúss Yves Saint Laurent í ár, „Muse“, sem í vetur er að sjálfsögðu úr krókódflastíkinni.

Pilsin eru stutt í vetur og hvað betra en hástígvel sem nái upp á mið læri við þau. Á hárískusýningu Chanel fyrir veturinn 2006-7 var það næra eina skótauð sem Karl Lagerfeld bauð upp á.

Stundum hef ég heyrt að efnissalar ákveði í raun hvaða litir ráði ríkjum í tískunum í hverri árstíð með þeim efnum sem þeir bjóða hönnuðum á efnakaupstefnum ádur en þeir setjast niður og hanna. Hönnuðirnir spila svo úr því sem er í boði og því enda þeir allir á því að hanna meira eða minna í sömu litum. Ekki veit ég hvort sama skýring eigi við um öll þau villtu skinn sem eru í vetrartískunni hjá hinum ýmsu tískuhönnuðum að þessu sinni, hvort sem um er að ræða handtöskur eða skó. Ætli einhver hafi ekki verið með rýmingarsölu á skinnum!?

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Maria Sharapova, tennisdrottning frá Rússlandi.

Tískan í tennis

Íþróttamenn eru fyrirmynndir margra, ekki einungis atgervi þeirra heldur líka klæðaburður.

Þess vegna er til mikils að vinna fyrir stærstu framleiðendurna að fá skærustu stjörnurnar til að klæðast og keppa í fötum frá þeim. Það eru fleiri en körfubolta- og knattspyrnumenn sem biggja háar fjárhæðir frá hinum og þessum framleiðandanum því nú þegar Opna bandaríkska meistaramótíð (US Open) hefst í næstu viku velta tískuspeklantar fyrir sér hverju Maria Sharpova, ein skærasta og jafnframt fallegasta tennisstjarna heims, muni klæðast á vellinum.

Á þriðjudaginn var sagði María að það myndi koma á óvart í hverju hún yrði. Þessi orð lét hún falla á kynningu Tag Heuer í Bloomingtons en upplýsti þó að hún myndi ekki alltaf klæðast eins og færir það eftir því hvort leikirnir færur fram að morgni eða kvöldi.

Þess má geta að stilisti Mariu er engin önnur en stilisti ofurstjarna, sjálf Rachel Zoe. Hin 19 ára gamla María mun þó vonandi geta einbeitt sér að mótinu sjálfu, en við sama tilefni sagði hún fréttamanni Vogue að hún hlakkaði til mótsins, sérstaklega til þess að spila fyrir framan æsta aðdáendur í New York.

ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.



Fæst í apótekum
um land allt.



SKÓR



Stærðir 40-46
verð kr: 3.995.-



Stærðir 36-41
verð kr: 4.545.-



Stærðir 37-40.1/2
verð kr: 9.995.-



Gabor
fashion
Stærðir 36-41
verð kr: 9.695.-



Stærðir 40-46
verð kr: 3.995.-



MJÓDDINNÍ S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Outlet

Mörkinni 1 neðri hæð

Aðeins 4 verð

500

1.000

1.500


2.000

Leður og rússkin
50% afsláttur

ZINKA
TÍSKUHÚS

• Mörkinni 1 •

Nýtt á Íslandi! NO STRESS 



Pægilegur, saumlaus og fallelegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



„Bjúty“ taska algjör snilld



Loksins á Íslandi! - Komnar aftur!



5 ára ábyrgð
15% kynningarafsláttur út ágúst
Pantanir óskast sóttar.

Drangey

Smáralind,
sími 5288800,
www.drangey.is

Upplýsingar, viðburðir,
afþreying og fréttir

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Allar nýjustu upplýsingar
og fréttir á ensku á
vefnum reykjavik.com og
í blaðinu Reykjavikmag.

Keðjur, pinnar og ólar

Í versluninni Tribal á Laugavegi 60 er gott úrval af fatnaði og fylgihlutum sem kenndir er við goth-lífstíl.

„Pokabuxur, hettupeysur, svitabönd, skartgripir og bak-pokar njóta tölverðra vinsælda,“ segir Vilbergur Gestson, annar eigend Tribala.

„Pá eru hauskúpubolir eftirsóttir, sömuleiðis tónlistarbolir sem við stefnum á að fjölga og viðburðatengdir bolir með skemmtilegum orðatiltækjum, sumum hverjum nokkuð tvíræðum,“ heldur hann áfram. „Fatnaðurinn er vinsæll hjá öllum aldurshópum þótt unglingsarnir séu líklegast dyggustu kúnnaðir.“

Vilbergur segir ákveðinn hluta fatnaðarins vera í goth-stíl, en með heitinu er skírkotað í ákveðinn lífsmáta sem frægir einstaklingar eins og söngvarinn Marilyn Manson aðhyllast. „Goth-lífstíll birtist til að mynda i klæðaburði, þar sem hrингir, pinnar, keðjur, ólar, leður og litirnir svart, hvít og rautt eru allsráðandi ásamt hári í fríkuðum litum og andlitsfarða, sem samanstandur af hvítu púðri og svörtum varalit, augnblyanti og -skugga.“

Vilbergur segir hugmyndina með versluninni þó fyrst og fremst vera að bjóða upp á gott úrval bola, þar sem goth-línan kemur inn í. „Við erum líka smám saman að fara út í svokallaða „ættflokkalínu“, sem tengist húðflúrum, og á eftir að verða meira áberandi í versluninni í framtíðinni, og víssar nafn verslunarinnar einmitt til pess.“

roald@frettbladid.is





Cole er fögur og gáfuð stúlká.
NORDICPHOTO/GETTY
IMAGES

House of Fraser bætist við eignir Baugs

Kauptilboð FL Group í House of Fraser gæti reynst stjórnendum fyrirtækisins afar arðbært.

Með kaupunum verður Baugur örðinn að algjörum risa í háklassa tískuverslunum í London. En Baugsmenn eru ekki þeir einum sem grætt geta á kaupunum. Samkvæmt fréttavef Vogue gæti John Coleman, stjórnarformaður, fengið 224 milljónir í vasann auk rúmlega 600 milljóna sem hann fengi fyrir hlut sinn í fyrirtækinu.

Hver segir svo að það borgi sig ekki að fylgja tískunni?

- tg



FL Group keypti House of Fraser.

Cole dúxar

OFURFYRIRSÆTAN LILY COLE SETTIST Á DÖGUNUM Á SKÓLAEKK OG Í LJÓS KOM AÐ SITTHVAD ER SPUNNIÐ Í STELPUNA.

Cole, sem er 18 ára, stundar nú nám við háskólann í Cambridge. Í fyrstu prófunum sínum fikk hún alltaf A, en fögin sem um ræðir eru enska, heimspek, síðfræði, og stjórnálafræði.

Cole er nú í fríi en talið er að hún muni fresta skólagöngunni fram til næsta árs og einbeita sér að fyrirsætustörfunum.

- tg



Brátt mun Topshop selja fót úr 100% kasmírull í verslunum sínum.

Topshop með kasmírlínu

Nýjunga er að vænta frá Topshop á næstunni.

Eins og fram hefur komið hér í Fréttablaðinu er Topshop-verslanakeðjan að stækka við sig en Topshop mun brátt opna sína fyrstu verslun í Bandaríkjunum. Eigendur Topshop eru greinilega stórhuga og hafa einnig aukið úrvalið af fínni tískuvöru og aukið þannig við fataúrvalið í verslunum sínum.

Nýjasta viðbótin, ef marka má heimasíðu Vogue, er ný fatalína sem verður eingöngu framleidd úr 100% kasmírull. Topshop hefur reyndar áður notað kasmírull en aldrei eingöngu. Nýja kasmírlínan er væntanleg nána í haust og því verður gaman að fylgjast með hvað rætist úr henni.



Naglalakk og varalitur frá Rubenstein.
FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Gyllt, brons og súkkulaði

NÁTTÚRAN ER PEMAD Í SUMARLÍNU HELENU RUBENSTEIN.

Sumarlínan frá Helenu Rubenstein í ár kallast Cruise Collection og er náttúran í hávegum höfð. Tindrandi húð og sólkysstar varir eru aðal-málið.

Í línum er sólarpúður í tveimur litum, litaspjald með sumarlegum litum þar sem gyllti tónninn er áberandi, vatnsheldur maskarí í svörtu, sólartónn á húðina í tveimur litum, gloss, varalitir og naglalakk.

Gylltur, brons og súkkulaðilitur er það sem einkennir línum út í gegn og er mikil lagt upp úr náttúrulegri förðun.

- lkg

Byltingarkennt hreinsikrem

VILTU LÍTA ÚT EINS OG MICK JAGGER Í FRAMAN Í ELLINI?

Snyrtisérfræðingar og húðsjúkdómalaeknar hafa á undanförnum árum hamrað á því að fólk eigi að bera á sig sólarvörn jafnvel þó að ekki sé sólskin og summarlyr úti. Flest öll góð rakakrem í dag innihalda þannig einhverja sólarvörn og eru rakakrem fyrir karlmenn þar engin undantekning.

Nýjasta viðbótin við þessa sólarvarnarþróun er nýtt hreinsikrem frá snyrtivörfameleiðandanum Freeze 24-7. Hreinsikremið heitir Ice Shield og er hið fyrsta sinnar tegundar en það ekki einungis hreinsar húðina heldur skilur það einnig eftir sólarvörn sem verndar húðina bæði fyrir UVA- og UVB-sólargeislum. Hreinsikremið kemur á markaðinn í september og verður meðal annars fáanlegt á heimasiðunnini www.freeze247.com en ekki ætti að líða á löngu áður en fleiri snyrtivörfameleiðendur fylgja á eftir.

- sha

Freeze 24-7 Ice Shield,
hreinsikrem með sólarvörn.



Zúüber alla virka morgna frá 7-10.



www.minnsirkus.is

FM957



Yfirburðataeiki fyrir yfirburðarfólk!

Life Fitness – vänstu þess besta



Life Fitness

þrekjól, hlaupabräutir, þrekjálfar og æfingastöðvar

Hagstæð greiðslukjör

Opið 10-18 mán.-fös.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - 5. 568 1717

www.hreysti.is



Í vatnsleikfimitima. Allar æfingar á vegum Gigtarfélagsins byggjast upp á rólegri alhliða hreyfingu.

Rólegar æfingar í notalegu umhverfi án hopps og skopps

I hópapjálfun á vegum Gigtarfélags Íslands er lögð áhersla á alhliða pjálfun með rólegum æfingum.

Það hentar ekki öllum að demba sér í líkamsrækt á borð við þá sem er í boði á heilsuræktarstöðvum. Á vegum Gigtarfélags Íslands er boðið upp á marysilega pjálfun fyrir þá sem vilja fara hægar í sakirnar og vilja æfa í rólegu og notalegu umhverfi.

„Við erum með góða alhliða leikfimi, jóga og vatnsleikfimi,“ segir Margrét Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari og verkefnisstjóri hópapjálfunar hjá Gigtarfélagi Íslands. „Við byrjuðum líka með byngdarstjórnunarnámskeið í fyrra. Það er um að ræða almenna heilsueflingu og stuðning fyrir fólk sem vill ná heilsusamlegri byngd og halda henni. Svo erum við með bakleikfimi fyrir áherslu, sem er alhliða pjálfun með áherslu á styrkingu og líðleika.“

Það allra nýjasta er svo stott-

pilates. „Það er æfingakerfi þar sem verið er að þjálfa og styrkja djúpu bolvöðvana, bæði bak- og kviðvöðvana. Það hentar mjög vel fyrir einstaklinga með vefjagigt og aðra sem vilja góða styrkingu með rólegum æfingum, engum hamagangi eða hoppum,“ segir Margrét og bætir við að það sama eigi við um önnur námskeið hjá þeim. Umhverfið sé rólegt og notalegt og æfingarnar allar rólegar.

Gigtarfélagið stendur fyrir þessum æfingum og við miðum tímana helst út frá þörfum þeirra sem eru með gigt og þeirra sem þurfa að fara rólega og fá góða handleiðslu, til dæmis þeim sem eru með viðkvæmt stoðkerfi eða eru að fara af stað aftur eftir langt hlé. Námskeiðin eru opin öllum en félagar í Gigtarféluginu fá afslætt.“

Námskeiðin fara annars vegar fram í húsnæði Gigtarfélagsins í Ármúla 5 og hins vegar í Sjálfsbjargarlauginni í Hátúni, þar sem vatnsleikfimin er kennd. „Þetta



Margrét segir stott-pilates það allra nýjasta í hópapjálfun Gigtarfélags Íslands.

eru litlir hópar, í kringum tíu til fimmtán manns,“ segir Margrét. „Vetrinum er skipt í þrennt: september til jóla, jól til páskas og páskar til maí. Sérstaða okkar er fagleg handleiðsla en starfsmenn eru sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingar með sérmennun.“

Augasónum er bent á að hafa samband við Gigtarfélag Íslands í síma 530 3600. einareli@frettabladid.is

Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAPJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



Tengsl efnaskipta og tíðni máltíða

Það vilja flestir hafa hröð efnaskipti, en það býðir að maður „brenni“ eða nýti mikil magn af orku (hitaeiningum) hvort sem maður er að hreyfa sig eða í hvíld. Maður er fljótur að nýta orkuna sem maður neytir og safnar síður umframfitubrigðum, sem býðir minni hættu á hjarta- og ædasjúkdónum og sykursýki II svo eitthvað sé nefnt.

Ef við höfum hæg efnaskipti eru minni líkur á að við náum góðum árangri þrátt fyrir þokkalegt fæðuval og vel hannaða æfingaráætlun. Það getur því verður vandasamt mál að missa umframfitu. Sum okkar hafa óvirkan skjaldkirtil eða aðra kvilla sem draga úr efnaskiptum og erfitt er að ráða við nema með lyfjum. En flest getum við stjórnað efnaskiptum okkar tölувert með réttu fæðuvali á réttum tínum og aukinni hreyfingu. Á sama hátt getum dregið úr efnaskiptunum með lélegu fæðuvali í stærri skömmum og lítilli sem engri hreyfingu. Þetta er í þínum höndum!

Árangursríkasta leiðin til að auka efnaskipti líkamans á heilbrigðan hátt

Ef þú vilt koma „trukki“ á efnaskiptin og koma þeim í sitt besta mögulega ástand eru margar máltíðir á dag vaftalaust besta

lausmin. Líklega hafa margir sagt þér þetta áður og þú átt eftir að heyra þetta aftur og aftur. Þordáðu fimm til sex sinnum á dag, um það bil á þriggja tíma fresti, tiltölulega lítið í einu og þú setur efnaskiptin í hærri gír en þau hafa verið. Það er engin afsökun að hafa engan tíma, þetta þarfnaðast árskipulags og fyrirhyggju í upphafi, eins og að hafa alltaf epli/banana eða orkustöng í töskunnibílnum svo maður missi ekki úr máltíð. Fljóttlega kemst þetta í vana eins og allt annað sem þú hefur vanið þig á. Ef dagaskráin er þéttskipuð þarf að ákveða kvöldið áður hvað þú ætlað að borða daginn eftir, sérstaklega í millibita. Taktu eitt-hvað holt með þér svo þú endir ekki í kökuveislu í vinnunni eða freistist til að hlaupa út í sjóppa eftir Snickers!

Margir máltíðir á dag halda líka blöðsykrinum jöfnum, sem býðir minni þörf fyrir sætindi.

Gædin skipta máli

Ef þú ert ein/n af þeim sem ætla að koma sér í heilbrigða rútinu í haust eftir sumarfríð með regluglegrí hreyfingu og huga betur að fæðuvalinu, skaltu byrja að skoða tíðni máltíðanna. Skiptu því sem þú bordar venjulega yfir daginn í fimm til sex máltíðir á dag og þú ferð að nýta orkuna

betur en áður. Gæði fæðunnar skipta líka máli. Því hreinni (minna unnin) sem fæðan er, því betri. Veldu ávexti, grænmeti, gróft kornmeti, baunir, ferskan fisk og kjöt sem oftast og efnaskiptin fara að vinna eins og turbóvel. Það er ekki að ástæðulausur sem Solla „græna“ nefnir gög hráefni sem fyrsta þáttinn í lögmálum sínum.

Morgunmaturinn er mikilvæg-astur

Þegar við missum úr máltíð hægjum við á efnaskiptunum, aukum líkur á vöðvarýrun og komum jafnvel líkamanum í svæltisástand. Í slíku ástandi fer líkaminn að hægja á sér og halda í fitu-þorðann til að hafa einhverja orku. Þegar loksns er borðað eru miklar líkur að máltíðin verði of stórv, sem líkaminn nær ekki að vinna úr og breytir umframhitaeiningum í fitu. Þetta verður víthringur sem erfitt er að komast út úr!

Þegar við borðum ekki morgunmat byrjar líkaminn ekki að starfa eins og hann á að gera. Vélin fer ekki að vinna af sama krafti og hún getur unnið. Láttu það því verða Pitt fyrsta verk að venja þig á næringarríkan morgunmat, ef þú ert ekki vön/vanur því nú þegar. Pú finnur muninn! Kær kveðja, Borghildur

Öflugasta sjónvarpsdagskráin

bírta

Sjónvarp sem verkjalyf barna

Sjónvarpið getur verið áhrifarákara en móðurfaðmur samkvæmt nýrri ítalskri rannsókn.

Sjónvarp getur virkað eins og verkjalyf á börn og er mun áhrifarákara en huggun frá móður, samkvæmt líttli ítalskri rannsókn sem gerð var í háskolanum í Síena. Niðurstöðurnar voru byggðar á rannsóknum á 69 börnum á aldrinum sjö til tólf ára. Þeim var skipt í þrjá hópa og blóð tekið úr börnunum á meðan á rannsókninni stóð. Börn í fyrsta hópnum voru ein við blóðtökuna, børn í öðrum hópnum höfðu mæður sínar hjá sér sem töludu til barnanna og hugguðu þau. Börnin í þriðja hópnum fengu hins vegar að horfa á teiknimyndir á meðan. Eftir



Þó að bakteríutyggið geri gagn kemur það ekki í staðinn fyrir tannburstun.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

Bakteríutygjó

Hjálpar í baráttunni gegn tannskemmdum.

Vísindamenn hafa nú þróað tyggigúmmi sem inniheldur gagnlegar bakteríur til varnar tannskemmdum. Hlutverk þeirra er að hindra aðrar bakteríur í að festast og valda skemmdum á tönnum.

Samkvæmt fréttavef BBC minnka tyggigúmmibakteríurnar þétt niður annarra bakteríu og hindra að þær geti fest sig á tennumnar þar sem þær myndu breyta sykri í sýru og eyðileggja þannig glerjunginn. Þýska efnafyrirtækið BASF hefur prófað tyggigúmmið á fjölda fólks og segir niðurstöður sýna stórlækkad hlutfall bakteríu.

Leikstjóri Steven Soderbergh segir að þriðja myndin um Danny Ocean og félaga hans í Ocean-genginu verði sú síðasta í röðinni. Soderbergh lýsti þessu yfir á kvíkmyndaháttíðinni í Edinborg sem nú stendur yfir en myndirnar um ræningjana í Las Vegas hafa notið mikillar velgengni í miðasölu. Athygli vekur að þessi yfirlýsing Soderberghs kemur aðeins nokkrum dögum eftir að framleiðandi myndanna, Jerry Weintraub, sagðist vilja gera mynd númer fjögur.

Lék áhættu-atriðin sjálfur
Daniel Craig lék nánast öll áhættuatriðin í nýjustu Bond-myndinni, Casino Royal, enda

segir hann að hluti af því að leika leyniþjónustumanninn sé að meiðast og fá nokkrar skrámur. Hinn nýi 007 vill að myndin verði sem raunverulegust og vildi ekki leggja allt sitt traust á áhættuatrið.

„Ég vildi að andlitið á mér væri sem mest í mynd og öðlast þannig trúverðug-leika áhorfenda,“ sagði Craig í samtali við kvíkmyndatímáritið Empire. „Auðvitað get ég ekki tekið við áhættur því tryggingarfyrirtækið myndi aldrei leyfa mér það. Hins vegar tefli ég á tæpastu vað því ef þú færð ekki nokkrar skrámur þá eru ekki að sinna þínu starfi.“



EBERT ENN Á SJÚKRAHÚSI

Kvíkmyndagagnrýnandinn Roger Ebert getur ekki talað eftir að hafa farið í aðgerð á kjálka vegna krabbameins sem hann greindist með. Hinn 64 ára gamli gagnrýnandi hefur verið two manuði á sjúkrahúsi og þurft að fara í nokkrar aðgerðir vegna krabbameinsins. Ebert er einhver virtasti kvíkmyndarýnir Bandaríkjanna og hefur um árabil stjórnad vinseðum kvíkmyndaþætti í sjónvarpinu. Rýnirinn skrifar á heimasiðu sinni að hann hafi ekki gert sér í hugarlund hversu langur og strangur tími þetta yrði á sjúkrahúsinu.



ALLAR PIZZUR Á 1.090 KR.



TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI!

GRETTIR 2



VINNINGAR VERDA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVÖGI. MED PVÍ AD TAKA PÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. .99 KR/SKEYTTIÐ.

**SENDU SMS JA GSÍ
Á NÚMERIÐ 1900**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU DVD SPILARI,
BÍÓMIÐAR FYRIR TWO, DVD
MYNDIR, VARNINGUR TENGDUR
MYNDINNI OG MARGT FLEIRA



FRUMSÝND 25. ÁGÚST UM LAND ALLT MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI



Prófaðu...

...að vaska upp jafnöðum næst þegar þú eldar. Þú losnar við að eiga allan fráganginn eftir þegar máltiðinni lýkur.

matur&vín

maturogin@frettabladid.is



PRÚGUR GLEÐINNAR
› EINAR LOGI VIGNISSON

Að ná upp í 11

Einkunnagjöf á vínum er umdeild og mælikvarðarnir sem notaðir eru margbreitilegir. Fyrir aldarfjórðungi voru það nánast aðeins sérvinningar í litlum sellum sem sunduðu sér við einkunnagjöf en núna veita jafnt virðuleg víntímarit sem hefðbundin dagblöð einkunnir í gríð og erg. Margir þakka frægasta vínmýni heims, Bandaríkjamanninum Róbært Parker, fyrir að hafa komið einkunnagjöf í tísku. Nú eða kenna honum um, eftir því hvernig aðað er lítið. Vist er að hið einfalda kerfi Parkers, sem veitir vínum einkunn frá 50 og upp í 100, en auðskiljanlegt og sannfærandi. Margir nota kerfi Parkers en aðrir einkunnaskalar eru t.d. að veita einkunnir frá 10-20 (eins og Steinþrímur Sigurgeirsson á Morgunblaðinu) eða stjörnukerfi eins og Þorri Hringsson hefur notað, gefið hæst 5 stjörnur eða bikara. Þorri hefur um áttá ára skeið skrifð í Gestgjafann af miklu næmi en í vikunni bárust þær fréttir að hann hefði látið af störfum þar.

Vist er að vínin verða lítið betri við að fá háa einkunn. Gildir um þau eins og hávaðann úr mögnurunum hjá gítarleikaranum í rokkparódíu Robs Reiner, This is Spinal Tap. Hann jókst ekki þótt þeir næðu upp í 11 en ekki 10 eins og venjulegir magnarar. En salan eykst og verðið á vínum um hækkar gjarnan. Þannig hefur einkunnagjöf Parkers gífurleg áhrif á verð vína. Áhrif Parkers eru reyndar svo mikil að sagt er að margin víframleiðendur hafi lagat vingerð sína að smekk hans. Lögfraðingurinn Parker er þó kunnur fyrir að hafa allt sitt á hreinu, engar auglýsingar eru í málagni hans The Wine Advocate, og þar til nýlega keypti hann alltaf allt sitt vín sjálfur og þáði aldrei sýnishorn frá framleiðendum. Öðru máli geggir um víntímaritin sem eru barmafull af auglýsingum víframleiðenda og selja jafnvel vín sjálf á vefnum eða í vínbúðum. Svo ekki sé talað um allar þær vefsverlanir með vínum sem veita einkunnir rétt eins og þær væru fjölmöldar. Um þetta fjallar blaðamaðurinn Garry Rivlin í nýlegri grein í New York Times sem vert er að benda á. Greininn heitir In Vino Veritas? og beinir Rivlin þar sérstaklega sjónum sínum að víntímaritunum sem gefa út einkunnir sínar fyrir fram til þess að kaupmenn geti birgt sig upp af vínum. Það eykur sölu vínnanna sem eykur tiltrú markaðarins á mætti tímaritanna og gildi einkunna þeirra. Tímaritin hafa þannig náð að gera framleið endurna háða sér.

VERT AD SPÁ I: Don Melchor frá Chile hlýtur hæstu einkunn í septemberhefti Wine Spectator, 96 stig. Það er fyrir 2003 árganginn sem er þó langt því frá tilbúinni til neyslu. Það eru hinsvegar sannarlega þeir eldri árgangar sem má fá á veitingastöðum hérlandis.



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar
smáauglýsingar
einnig frítt
í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

**MATGÆÐINGURINN RAKEL HALLDÓRSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI SAFNARÁÐS**

Sviðatunga minna góð en margt annað

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Góðrar, kaldpressaðrar, jómfrúar-ólífuðu sem gerir flestu mat betri, ferska grænmetisins og kryddjurtanna úr matjurtagarðinum mínum og gæða súkkulaðis.

Fyrsta minningin um mat? Ég man eftir því þegar ég var agnarlitið kríli að drekka mjólkurblöndu úr stórum pela sem ég rétt svo náiði utan um með höndunum. Mér finnst eins og mér hafi ekki endilega þótt mjólkurblandan heldur fremur athöfnin sjálf, peladrykkjan, ótrúlega góð og fullnægjandi.

Besta máltið sem þú hefur fengið? Líklega þegar ég og Arnar, maðurinn minn, vorum í brúðkaupsferðinni fyrir tíu árum í Búrgundi í Frakklandi og keyptum okkur gómsæt kirsüber, nýtt baguette og sveitapylsu í hádeginu úr búðarbíl í litlu sveitaborgi.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Nei, en mér finnst matur misgóður og misjafnlega aðlaðandi. Og sviðatunga þykir mér minna góð og aðlaðandi en margt annað, það er það aðallega hugmyndin um það hvað verið er að borða sem trufar.

Leyndarmál úr eldhússkápnunum? Nog af ferskum kryddjurtum, hvítlaukur og engifer, Rietine ólífuðla frá Toskana, gott vín, ljúf tónlist, kerti og Amedei súkkulaði. Þetta má finna í eldhússkápnunum og það nægir til að

gera hvaða máltið sem er ógleymanlega.

Hvað borðar þú til að láta þér liða betur? Að sjálfsögðu súkkulaði, fæðu guðanna. Helst frá Amedei í Toskana á Ítalíu, og allra helst gómsætu trufflurnar þeirra eða konfektio ómóttstæðilega.

Hvað átt þú alltaf í isskápnunum? Grænmeti, rótarávexti, smjör, mjólk, osta, egg og kjöt- eða fiskbita.

Ef þú yrðir föst á eyðieju, hvað tækirðu með þér?

Manninn minn og bönnin fyrst og fremst. Svo nokkrar kýr, kindur og hænsn og nóg af gæðafræjum fyrir grænmeti, rótarávexti og kryddjur, svo við gætum hafið okkar eigin rákt og sjálfsþurftarbúskap. Geri að sjálfsögðu ráð fyrir að um yrði að raða ekta eyðieju þar sem ávextir drjúpa af hverju tré, við myndum örugglega aldrei vilja snúa heim aftur.

Hvað er það skrifnasta sem þú hefur borðað? Hef bragðað ómislegt skriftið en efst í huga eru steiktur grísaeyrun smakkað London.



HRÆRT Í SÚPUPOTTINUM Bragi Bergþórsson segir að stemningin í eldhúsini hans sé stundum dálitið flókin því þar vill hann helst vera einn að elda eða að minnsta kosti einráður um hvernig hlutirnir eru gerðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill vera einn í eldhúsini

Bragi Bergþórsson er söngnemi í Lundúnnum sem hefur gaman að því að elda. Skemmtilegar súpur úr framandi hráefni urðu oft til í stúdentaeldhúsini hans eftir heimsóknir til gríkskraðs grænmetissala.

„Við skötuhjúin erum ansi dugleg að elda og hofum gaman af því,“ segir Bragi Bergþórsson söngnemi sem er heima á Íslandi í sumarfríi frá óperunámi sínu í Guildhall-skólanum. „Svo vildi til að á leiðinni heim þangað sem við bjuggum var grískur grænmetissali, þar sem við keyptum oft eithvað framandi og skemmtilegt. Úr urðu margar skemmtilegar súpur og er þetta ein beirra,“ segir Bragi um uppruna fennikusúpnar sem hér fylgir. Hann lætur uppskrift af speltbollum fljóta með enda er hann um bessar mundir mikil fyrir að baka úr grófu korni. „Þetta er svaka fínt og mjög ódýrt ef maður býr í London,“ segir Bragi og bætir hlæjandi við að súpan sé að vísu ekki alveg jafn ódýr þegar maður býr hana til á Íslandi.

Aðspurður segir Bragi að stemningin í eldhúsini hans geti verið dálitið flókin. „Mér finnst best að fá að vera einn þegar ég elda en finnst líka ágætt að stjórna öðru

fólk, á meðan það gerir það sem ég vil,“ segir hann hlæjandi.

Fennikusúpa úr litlu eldhúsí London fyrir þrjá til fjóra

4 msk smjör
2 blaðlaukar, skornir í 1/2 cm bita
1 laukur, skorinn smátt
2 meðal fennikur, smátt skornar
1 meðal blómkálshaus, smátt skorinn
500 ml grænmetissoð
500 ml matarrjómi
2 msk tómatpúrré
3 hvítlausrífi, pressuð
1 tsk sterkt karrí
Stórt glas af hvítvini (smakkað til)
Safi úr einni límónu
Salt
Pipar

Smjörið er brætt í potti og blaðlaukarinn og laukurinn steiktur við meðalhita í fimm mínútur. Fennikan og blómkálð fer því næst út í og er látið malla í um það bil tíu mínútur, eða þar til allt er orðið nokkuð mjúkt. Grænmetissoðin er síðan bætt út í og látið sjóða í tíu mínútur í viðbót. Þá er öllu hellt í hrærivél og maukað. Síðan fer allt aftur í pottinn og rjómanum, tómatpúrré, hvítlauknum, karrínu og hvítvíninu bætt við og súpan hituð aftur, en helst ekki láta hana sjóða. Þá er smakkað til með límónusafanum og alls ekki má gleyma saltinu og piparnum, en oft þarf meira af salti en maður heldur, þó fara þurfi var-

lega!

Speltbollur með hvítlaukssmjöri, um 12-15

2 bollar grófmalað spelt
1/2 bolli blanda af sólbóloma-, graskers- og sesamfræjum
3 tsk vínsteinslyftiduft
2 dl súrmjólk (eða AB-mjólk)
1 dl sjóðandi vatn
1 tsk salt (td. Maldon)
1 egg
—
Væn smjörklipa
1 msk ólífuðla
1 pressað hvítlausrífi
Lítlið bunt af ferskri steinselju, smátt skorin
Salt (til dæmis Maldon)

Forhitið ofninni í 200°C. Þurrunum er blandað saman og vökvvanum hellt smám saman út í og varlega hrætt saman. Þá eru búnar til fallegar litlar bollur á plötum með smjörpappi og þær penslaðar með eggjum ásamt því að strá yfir sesamfræjum. Þetta bakanst síðan í um það bil hálftíma, en ég er reyndar með brenglað tímaskyn, svo það gæti verið ágætt að fylgjast bara svoltið með!

Eg tek síðan bara eins mikil smjör og ég áætla að nota með bollunum, hendi slurk af olíunni út í og klípu af Maldon-salti og blanda síðan hvítlauknum og steinseljunni við og hræri. Svo má líka bæta við ferskum kryddjurtum.

annat@frettabladid.is

Gaman saman í berjamó

Haustið er tími berjasprettunar og reyna margir að komast í berjamó til að byrgja sig upp fyrir vetrurinn. Framan af sumri voru fréttir að því að berjasprettan yrði ekki svo góð víða um land þetta árið en eftir því sem nýjustu fréttir herma virðist víða krökkt af berjum.

Á Austurlandi er berjasprettan víða með miklum ágætum. Segir meðal annars á heimasiðu Hornafjarðar að sprettan sé góð á ýmsum stöðum sunnan og austan við Höfn. Krækiberin orðin broskuð þótt bláberin vanti sumstaðar örfáa daga upp á að vera orðin góð. Sömu sögu er að segja úr Eyjafirðinum þar

sem krækiber, bláber og aðalbláber eru víða orðin broskuð og góð.

Ferð í berjamó er heilsusamleg skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Ber eru holl í muninn, gómsæt og henta vel í ýmiss konar matargerð. Bæði er hægt að sulta krækiber og bláber og búa til úr þeim gómsætt mauk sem er ljóffengt með ýmiss konar réttum. Heil ber geta svo gefið klassískum eftirréttum skemmtilegt bragð í stíl við árstímann og standa berjapönnukökur

BLÁBERIN GÓÐU Ferð í berjamó er ekki bara skemmtileg heldur eru berin holl og góð viðbót í matargerðina.

og kökur með berjaskrauti alltaf fyrir sínu.

Fyrir fólk sem kærir sig ekki um að flækja málín eru nýttind ber með sykri og rjóma ávallt mikil lostæti.



BYLTING í BATA!

DAGANA 24. & 25. ÁGÚST N.K. STENDUR HUGARAFL FYRIR
RÁÐSTEFNU Í SÚLNASAL HÓTEL SÖGU UM GEÐHEILBRIGÐISMÁL.
EFNI RÁÐSTEFNUNNAR ER VALDEFLING OG BATI.
ATH. OPINN BORGARAFUNDUR VERÐUR KL. 14:30

MÆTUM ÖLL Á
OPNA BORGARAFUNDINN!

Hugarafl - Valdefling í verki

Hugarafl er hópur sem var stofnaður af einstaklingum sem greinst hafa með geðraskanir og iðjuþjálfum sem vildu breyta áherslum í geðheilbrigðisþjónustunni.

Sjá nánar á www.hugarafl.is

Aðalfyrillesari er **Judi Chamberlin**. Hún hefur unnið gegn ofuráherslu á læknisfræðilega nálgun í meðferð geðsjúkra og barist fyrir leiðum sem notendur leggja áherslu á. Hún var sem ung kona greind með geðklofasjúkdóm og hefur samanburð af hefðbundnum og öðruvísi nálgunum í geðheilbrigðisþjónustunni.

Hún skrifaði bókina „On our own“ og auk þess að hafa skrifat fjölda greina og bæklinga um geðheilbrigði, sjálfsjálp, bataferli og réttindi notenda. Hún er ráðgjafi við endurhæfingarmiðstöð geð-sjúkra við Háskólanum í Boston, auk þess sem hún vinnur hjá National Empowerment Center. Hún er

mjög eftirsóttur fyrillesari víða um heim. Aðrir fyrillesarar eru **Bergbör G. Böðvarsson** fulltrúi notenda geðsviðs hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi, **Jón Ari Arason** Hugarafl, **Pórólfur Árnason** forstjóri Skýrr og formaður Bakhjarla Hugarafls, **Lúðvík Ólafsson** lækningaforstjóri Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, **Styrmir Gunnarsson** ritstjóri Morgunblaðsins, **Jórunn Ósk Frímannsdóttir** hjúkrunarfæðingur og borgarfulltrúi, **Óttar Guðmundsson** geðlæknir, **Ása Guðmundsdóttir** sálfraeðingur hjá Heilsugæslunni/Hugarafl og **Pórhildur Sveinsdóttir** iðjuþjálfur hjá Heilsugæslunni/Hugarafl. Fundarstjóri er Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfur.

Ráðstefnan er opin öllum, en við viljum sérstaklega hvetja fagfólk, notendur og aðstandendur til að skrá sig.

Ráðstefhugjald er 9.500 kr. – fyrir báða dagana með veitingum.

Fyrir öryrkja og aðstandendur 3.000 kr.-

Gjald fyrir nema á geðsviði er 5.000 kr.-

Hægt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið hugarafl@hugarafl.is, eins er hægt að skrá sig í síma 414-1550 virka daga milli 8 og 4.

DAGSKRÁ

FIMMTUDAGUR 24. ÁGÚST

08:30
Skráning

09:00

RÁÐSTEFNA SETT – Siv Friðleifsdóttir Heilbrigðisráðherra HUGARAFL KYNNT – Birgir P. Hjartarson og Audur Axelsdóttir.

09:25

JUDI CHAMBERLIN – „Að skila VALDEFLINGU OG BATA: REYNSLAN FRÁ BANDARÍKJUNUM“

10:30 KAFFIHÉL

ÖNNUR ERINDI: **JÓN ARI ARASON, PÓRÓLFUR ÁRNASON, LÚÐVÍK ÓLAFSSON, STYRMIR GUNNARSSON, PÓRHILDUR SVEINSDÓTTIR**.

12:15 MATARHÉL

Umraðuhópar – **JUDI CHAMBERLIN**

13:15

Fyrillesarar halda áfram

14:00

Umraðuhópar

16:00 DAGSKRÁLOK

FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST

09:00
Vinnuhópar – Judi Chamberlin

10:30 KAFFIHÉL

Vinnuhópar framhald

13:00 MATARHÉL

Samantekt úr vinnuhópum

14:30 OPINN BORGARAFUNDUR.

Aðgangur ókeypis. **HÉÐINN UNNSTEINSSON**
Sérfræðingur á GEÐHEILBRIGÐISSVIÐI WHO STÝRIR.

17:05 RÁÐSTEFNULOK

HUGARAFL

BOLHOLT 4, 105 REYKJAVÍK

SÍMI: 414-1550

FAX: 414-1551

NETFANG: HUGARAFL@HUGARAFL.IS



Keypti herra fataverslun í Keflavík

Ólafur Geir Jónsson, fyrrverandi Herra Ísland, hefur ásamt vini sínum, Árna Árnasyni, keypt herra deildina í Gallerí Keflavík, sem opnar á ný eftir breytingar á morgun. „Guðrún Jónsdóttir hefur átt og rekið Gallerí Keflavík undanfarin þrjú ár og það má líklega segja að ég hafi

MIKÍD AÐ GERA Ólafur Geir er athafnasamur maður en auk þess að eiga og reka nú herra deild Gallerí Keflavík er hann einnig skemmtanastjóri á skemmtistaðnum

verið hennar stærsti viðskiptavinur í herra deildinni,“ segir Ólafur Geir og bætir við: „Einhvern tíma spurði hún mig að því í einhverju gríni hvort ég vildi ekki bara kaupa alla herra deildina. Ég hló nú bara og

gerði ekkert í því fyrr en ég fór að ræða þetta við Árna, vin minn. Við ákváðum síðan að skella okkur bara á þetta og keyptum deilda.“

Vinirnir hafa nú ráðist í breytingar og stækkan á herra deild verslunarinnar og munu bjóða upp á meira vöruúrvallen verið hefur. „Við erum búin að vera að stússast mikið í búðinni undanfarið. Settum upp plasma-sjónvarp og plexíglar og fleira.“ Gallerí Keflavík er rekið í nánu samstarfi við NTC-veldið en allar vörur eru teknaðar inn í gegnum NTC. „Við verðum með bestu merkin í búðinni hjá okkur eins og Diesel, 4You, Energy, Matinique og margt fleira,“ segir Ólafur Geir



VINSÆLL Óli Geir nýtur mikilla vinsælda í Keflavík og á eflaust eftir að slá í gegn á nýjum vettvangi.

og bætir því við að þeir félagar hafi líklega alrei verið eins spenntrir fyrir neinu eins og þessu nýja verkefni. „Nú erum við að byggja upp okkar eigin verslun og erum uppfyllir af áhuga,“ segir fyrrum Herra Ísland glaður. - sig

fjöld...
FÓLK
folkafrettabladid.is



KATE HUDSON Leikkonan hefur gengið í gegnum margt að undanfórunu og hefur dregið sig út úr herferðinni í kringum nýj-ustu mynd sína You, me and Dupree.

Lokar sig af

Leikkonan Kate Hudson hefur dregið sig út úr kynningarherferð nýj-ustu kvíkmyndar sinnar „You, me and Dupree“ um heiminn þveran og endilangan um þessar mundir. Ástæðan mun vera vegna þess að mikið hefur gerst í hennar einkalífi upp á síðkastið og segist hún ekki geta haldið andliti lengur.

Hudson skildi við mann sinn Chris Robinson eftir sex ára hjónaband fyrir stuttu og aðeins nokkrum dögum seinna kom fram að Hudson ætti í ástarsambandi við meðleikara sinn í kvíkmyndinni, Owen Wilson. Hudson er hrædd um að það eina sem hún þurfi að tala um við blaðamenn sé einkalífið og segist hún einfaldlega ekki hafa orku í það.



JACKIE CHAN Hasarmyndaleikarinn Jackie Chan ættar að starfa með Zhang Yimou. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Chan ræðir við Yimou

Hasarmyndaleikarinn Jackie Chan á í viðræðum við kínverska leikstjóra Zhang Yimou um að þeir geri nýja mynd saman. Enn sem komið er hafa þeir þó ekki fundið rétta handritið.

Zhang er þekktur fyrir myndir á bord við Hero og House of Flying Daggers. Hann hefur tvívegis unnið Gullna Íljónið á kvíkmyndahátiðinni í Feneyjum. Nýjasta mynd hans nefnist Curse of the Golden Flower. Með aðalhlutverk í henni fara Gong Li og Chow Yun-fat.

Féll fyrir Lundúnum

Leikarinn David Hasselhoff hefur nú fallið fyrir Lundúnum og langar helst að flytja þangað. Hasselhoff er nýskilinn og er á leiðinni til London á næstunni til að leita sér að húsnæði í Chelsea eða Richmond.

Síðustu tvær ferðir hans til borgarinnar hafa hins vegar ekki gengið vel, í fyrra skiptið var honum ekki hleypt upp í flugvél á Heathrow sökum ofurölvunar og í seinna skiptið för hann á spítala með einkennilegt raksturssár á hendi.



HASSELHOFF
Nýskilin og vill flytjast búferlum frá Þýskalandi til Englands.

Í baráttu við sjálfan sig

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben heldur tónleika í Iðnó í kvöld í tilefni af útgáfuna fyrstu plötu sinnar, Wine For My Weakness, sem kemur út hjá 12 Tónum í dag.

Öll löginn á plötunni eru frumsam-in og fóru upptökur að mestu fram í Sundlauginni undir stjórn Péturs og Bigga Poolboy sem sá einnig um allan lokafrágang. Platan inniheldur ellefu lög og hefur eitt beirra, White Tiger, þegar fengið að hljóma í útvarpi.

Áhrif frá Neil Young og Dylan
„Ég hef verið með þetta efni í handraðanum. Svo eftir að ég kláraði „sándtrakkið“ við Börn á vordögum fór ég á fullt í að klára plötuna,“ segir Pétur Ben.

Hann segist fara um víðan völl að plötunni og taki m.a. áhrif frá Neil Young, Bob Dylan, Nine Simone og Radiohead. „Hún er svoltið þjóðlagaskotin og líka rokkuð á köflum. Svo fer hún niður í strengi og kassagitar og pannig huggulegheit,“ segir Pétur sem naut m.a. aðstoðar trommarans Sigtryggs Baldurssonar á plötunni. Einig syngur þar konan hans Péturs, Anna Kristín Guðmundsdóttir.

Ómetanlegur Mugison

Pó svo að Pétur hafi ekki gefið út plötu áður hefur hann verið á kafi í tónlistinni undanfarin ár. Hann hefur samið tónlist fyrir leikhús auk þess sem hann samdi eins og áður segir tónlistina við nýjustu mynd Ragnar Bragasonar, Börn, sem er væntanleg í kvíkmyndahús í næsta mánuði. Auk þess hefur hann unnið töluvert með Mugison og bæði spilað með honum á tónleikum og á plötunni Mugimama is



PÉTUR BEN Tónlistarmaðurinn Pétur Ben heldur útgáfutónleika í kvöld í tilefni af sinni fyrstu plötu, Wine for my Weakness. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

this Monkeymusic? Mugison kemur þó hvergi við sögu á Wine for my Weakness. „Hann hefur mest verið andlegur stuðningur því hann hefur svo mikið að gera sjálfur. En ég notaði hann samt og var að fá hann í heimsókn til að hlusta og síðan var hann að ráðleggja mér með umslagið á plötunni. Hann var algjörlega ómetanlegur þótt hann spilaði ekkert á þessari plötu.“

Pétur játar að vinnan við leikhús- og kvíkmyndatónlistina eigi sinn þátt í fjölbreytni plötunnar. Einig hafi tónsmíðamenntun hans úr Tónlistarskóla Reykjavíkur komið að góðum notum en hann lauk námi þaðan vorið 2004.

Sjálfssbaráttuplata

Pétur segir að platan sé nokkurs konar sjálfhjálparmeðal, eins og

nafnið Wine for my Weakness gefur til kynna. „Ég hef verið að lækna sjálfan mig af eigin krankleikum. Eru ekki allir meingallaðir,“ segir hann í léttum dúr og bætir við: „Petta er fyrst og fremst sjálfssbaráttuplata.“ Útgáfutónleikarnir í Iðnó í kvöld hefjast klukkan 22.00 og er aðgangseyrir 1000 krónur. freyr@frettabladid.is

Sjá umsögn um plötu Péturs á bls. 52



ÁGÚST 2003 Svona leit Richie út þegar hún byrjaði í sjónvarpsþáttunum vinsælu Simple Life. Heilbrigð og sælg.



NÓVEMBER 2004 Hér er Richie búin að missa nokkur kíló en segir þó við fjölmíðla að hún sé í átaki með einkajálfara.



APRIL 2005 Aðeins nokkrum mánuðum síðar er Richie orðin tálguð á öllum líkamanum. Það slettist upp á vinskapinn hjá henni og Hilton og hún verður meira áberandi á rauða dreglinum.



ÁGÚST 2006 Petta eru nýjustu myndirnar sem hafa verið tekna af Richie og eins og sjá má er hún gjörsamlega að hverfa. Slúðurblöðin hamast á því að sýna nýjar og nýjar myndir af henni og segja hana þjást af lystarstoli en hún neitar því. Dæmi hver fyrir sig. FRÉTTABLAÐID/GETTYIMAGES

Nicole Richie er að hverfa

Athafnakonan unga Nicole Richie hefur verið mikið í slúðurpésnum upp á síðkastið vegna holdafars síns. Þegar hún skaust fram í sviðsljósið ásamt fyrirverandi vinkonu sinni Paris Hilton í sjónvarpsþáttunum Simple Life

var hún heilbrigð ung stúlka en svo fór að halla undir fæti og er hún búin að grennast svakalega á stuttum tíma eins og myndirnar sýna.

Nicole Richie neitar þó staðfastlega að hún þjásit af hinum

hræðilega sjúkdómi lystarstoli og segir ástæðuna fyrir kílóhruninu vera stress og tauga-veikun sem veldur því að hún missir matarlystina.

Petta þykir mjög slæmt þar sem Nicole Richie er mikil fyrirmund

ungra stelpna og þyngdartap hennar ekkert sem unglingsstúlkur ættu að herma eftir. Nicole Richie segist þó borða eins mikið og hún getur til þess að þyngja sig og af myndunum að dæma mun þarf mikið til.

FARTÖLVUR

ACER 4062

Örgjörvi	1.7GHz Pentium Dothan735 Intel Centrino með 2MB flýtiminni
Minni	512MB DDR2 400MHz Stækkonlegi í 2GB
Harðdiskur	80GB Ultra ATA100 Ultra ATA100 harðdiskur
Skrifari	8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD disk og CD-RW
Skjár	15" TFT XGA skjár Högða skjár með 1024x768dpi
Skjákart	128MB Intel GMA900 Skjákartíð nýtt DDR minni tölvunar
Hátlarar	Hjóðkerfi með 2 hótölurum Hjóðokort, hátlarar og hjóðonemi
Práðlaust	54Mbps práðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort	10/100 base netkort Einnig innbyggt 56k mótað
Stýrikerfi	Windows XP PRO - SP2 Á íslensku eða ensku
Tengi	3xUSB2, VGA, Type II PC Card Öll helstu tengi

ACER TRAVELMATE 4062LMI Á ÓTRÚLEGU SKÓLATILBODI

INTEL DOTHAN 2MB

Einn öflugasti örgjörvin frá Intel
með 400MHz FSB, Enhanced
SpeedStep tekní og 2MB flýtiminni

PRÁÐLAUST NET

Acer ferðatölvun kemur með
54Mbps práðlausu 802.11g
netkorti og innbyggðu loftneti

8xDVD± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer
geislaskrifari sem les og skrifar
DVD og venjulega geisladiska

INTEL GMA 900

Intel GMA900 skjákartíð er byggt
á PCI-Express tekní og nýttir
128MB af DDR minni tölvunar

TENGINGAR

Acer Travelmate 4062LMI kemur
með öllum helstu tengjum
3x USB2.0, PCMCIA rauð, o.fl

ALLT AD 5 TÍMAR

Acer ferðatölvun er aðeins 2.91
kg og með Centrino tekní endist
rafhlæðan í allt ó 5 tímum



VERÐ 99.900

ACER 5601AWLMi

VL15 • Samkvæmt kr. 149.993
9.660

acer

1.6GHz Intel Core Duo T2050 örgjörvi með 2MB flýtiminni
1GB Dual DDR2 minni • 80GB Ultra ATA100 harðdiskur
8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
128MB ATI Radeon X1300 PCI-E 16X skjákart • Práðlaust net
• Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 144.900

acer

VL15 • Samkvæmt kr. 165.520
10.660

ACER 5671AWLMi

1.6GHz Intel Core Duo T2250 örgjörvi með 2MB flýtiminni
1GB Dual DDR2 minni • 120GB SATA 5400RPM harðdiskur
Slot 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
128MB ATI Radeon X1600 PCI-E 16X skjákart • Práðlaust net
1.3MP vefmyndavél • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 159.900

ACER 1642ZWLMI

VL12 • Samkvæmt kr. 93.060
7.492

acer

1.7GHz Intel Pentium M Dothan735
512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 15.4" CrystalBrite
64MB GMA900 skjákart • Práðlaust net
Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 89.900

ACER 9411AWSMI

VL12 • Samkvæmt kr. 93.060
7.492

acer

1.6GHz Intel Core Duo T2050
1GB DDR2 minni • 120GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
128MB DDR Geforce Go7300 skjákart
1.3MP vefmyndavél • Windows XP Home

VERÐ 159.900

ACER 9412AWSMI

VL12 • Samkvæmt kr. 93.060
7.492

acer

1.73GHz Intel Core Duo T2250
2GB DDR2 minni • 120GB harðiskur
8xDVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
128MB DDR Geforce Go7300 skjákart
1.3MP vefmyndavél • Windows XP Home

VERÐ 199.900

ACER 9512AWSMI

VL12 • Samkvæmt kr. 93.060
7.492

acer

1.73GHz Intel Core Duo T2250
1GB DDR minni • 120GB harðiskur
8xDVD skrifari • 17" WSXGA CrystalBrite
512MB GDDR3 Geforce Go7900 skjákart
1.3MP vefmyndavél • Windows XP Home

VERÐ 219.900

Öll verð eru birt með fyrirvara um þreyningar, innstættvillur og myndabréngi



TÖLVULISTINN
SÉRVERSLEN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

EGILSSSTÖÐUM
Miðvangi 2-4
Sími 471 2400



JOSH OG DAVE Peir félagar munu þeyta skífum á Broadway á föstudagskvöld.

Feitt klúbbakvöld

Dansdúóið Josh Gabriel og Dave Dresden kemur fram á heljarinnar klúbbkvöldi sem verður haldið á Broadway á föstudagskvöld.

Peir félagar hafa m.a. samið stefni fyrir sjónvarpsþættina vin-sælu Nip/Tuc og titillag óskars-verðlaunamyndarinnar Broke-back Mountain. Sem plötusnúðar hafa þeir ferðast vítt og breitt um heiminn og eru núna í 21. sæti yfir bestu plötusnúða heimsins. Hafa þeir gefið út og endurhljóðblandað lög eftir listamenn á borð við Madonnu, Annie Lennox, Britney Spears, Dido og Sara MacLachlan.

Húsið opnar klukkan 23.00 og verður opni til 5.30. DJ Ghozt & Brunhein sjá um að hita upp. Áætlað er að stjörnur kvöldins stígi á svið kl. 1.30 eða 2.00. Miðaverð er 1500 krónur og eru allir miðar seldir við hurð.

Bleik tölva á markað

Sony Computer Entertainment í Evrópu hefur tilkynnt að nýjasti meðlimur PlayStation-fjölskyldunnar verði bleik PlayStation 2 tölva, sem verður framleidd í takmörkuðu upplagi.



BLEIKI LITURINN

Bleiku Playstation-tölvunar fara á markað þann 8. nóvember. Vélin mun koma með tvemur bleikum stýripinnum og bleiku 8MB minnisíorti.

Talsmaður SCEE segir ástæðuna fyrir þessari útgáfu vera þá að bleika vélin endurspegli vaxandi og breiðari notendahóp PlayStation 2. Það er að báka leikjum eins og Buzz!, SingStar, og fleiri partileikjum.

Fetta er ekki í fyrsta skipti sem Sony gefur út tölvuna í nýjum lit, þar sem hún hefur áður verið til silfurlituð.

Hneyksli fræga fólksins

Eiturlýf og kynlíf eru oft sögð einkennisorð rokkaranna en stundum fer hegðun þeirra út yfir öll velsæmismörk. Fréttablaðið rýndi í nokkur af frægustu kynlifshneykslum tónlistarfólksins.

Allt sýnt

Heimsbyggðin saup hveljur þegar fréttist af svæstu myndbandi þar sem Tommy Lee, trommuleikari Mötley Crüe, og strandvarðargellan Pamela Anderson létu vel hvort að öðru. Jafnvel umferðarspekingar hristu hausinn yfir framferði Tommy bar sem hann ber að sitt heilagasta á fullri ferð með risastóran bát í eftirdragi. Myndbandið lak að sjálfsögðu út á netið og var um tíma eitt vinsælasta niðurhalið meðal netverja. Reynt var síðan að selja myndbandið á þeim grundvelli að það væri klám en að dænum slíks afþreyningarefnis fannst lítið til þess koma.

Vildi skyndikynni í LA

George Michael komst fyrir skómmu í fréttirnar þegar News of the World greindí frá ástarævintýri hans og ungs bílstjóra í vinsælum garði í London. Michael hafnaði því algjörlega að hafa átt nokkurs konar líkamlegt samneyti við manninn en þetta var ekki í fyrsta skipti sem poppsöngvarinn kemst í fréttirnar fyrir kynlifsatthæfi sitt. Lögreglan í Los Angeles handtók hann árið 1998 fyrir að gera sér dælt við lögregulmann í dulargervi en Michael beraði stolt sitt frammi fyrir mannum.

Pessi nýja útgáfa mun verða fáanleg í verslunum frá og með 8. nóvember. Vélin mun koma með tvemur bleikum stýripinnum og bleiku 8MB minnisíorti.

Talsmaður SCEE segir ástæðuna fyrir þessari útgáfu vera þá að bleika vélin endurspegli vaxandi og breiðari notendahóp PlayStation 2. Það er að báka leikjum eins og Buzz!, SingStar, og fleiri partileikjum.

Fetta er ekki í fyrsta skipti sem Sony gefur út tölvuna í nýjum lit, þar sem hún hefur áður verið til silfurlituð.



TVEIR GÓÐIR Atli Rúnar Hermannsson, eigandi Yello, er hér ásamt stórvini sínum, Ásgeiri Kolbeinssyni.



Michael svaraði síðar meir með lagi þar sem hann tók Stóra bröður fyrir.

Framleiddi klámmyndir

Rapparinn Snoop Dogg hefur ekki átt upp á pallborðið hjá feministum. Hann þykir ala á kvenfyrirlitningu enda er það ekki sjaldgæf sjón að sjá hálfberar stúlkur í myndböndum hans, skakandi sér við taktfasta hipp/hopp-tónlist. Snoop gekk fram af öllum þegar hann framleiddi klámmyndina Doggy Style sem hlaut tvænn verðlaun hjá Adult

Video News Awards hjá Hustler. Snoop hefur síðan þá látið af þessari framleiðslu enda segir hann það skaða þá „fjölskyldu-ímynd“ sem hann vilji koma sér upp um þessar mundir.

Í fótspor Pamela

Hin „heimsfræga“ Paris Hilton komst heldur betur í álnir þegar kynlifsmýndband hennar og Rick Salomon „lak“ á netið. Paris beitti að sjálfsögðu fyrir sér arfgengum viðskiptaklækjum og fékk hluta af sölslugrða myndbandsins. Salomon kom þó best út úr þessu hví þetta briggja mínumána brot var sett hæstbjóðanda fyrir rúmlega sjó milljónir dollara. Paris fékk athyglina og Salomon uppreisn að því hann vildi með þessum „leka“ sanna að Paris hefði hvorki verið dópuð né drukkin þegar herlegeitin voru tekin upp.

Verslunin Elvis mun opna á nýjum stað með pompi og prakt í kvöld. Verslunin, sem áður var á Vatnsstíg, sérhæfir sig í notuðum fatnaði fyrir karlmenn og opnar nú á Klapparstíg þar sem Spútník var áður til húsa. Í sama húsnæði er plötubúð Smekkleysu, Galleri Human og frægð og Bókaverslun Nýhils en tilgangurinn er að viðskiptavinir búðarinnar fái allir eitthvað fyrir sinn snúð enda fjölbreytileg blanda.

Í tilefni af opnunni verður partí fyrir gesti og gangandi þar sem boðið verður upp á léttar veitingar. Veislun hefst klukkan 19.00 og stendur til 22.00. Mr. Silla & Mongoose munu troða upp ásamt plötusnúðatviegyni Electrotroll sem mun sjá um að halda öllum í stuði.

VERS'LUNARSTJÓRINN Rokkarinn Krummi hefur séð um búðina síðan hún opnaði og mun halda því áfram í nýju húsnæði.



Giftist barnungri frænku sinni

Kynlíf með stúlkum undir lögaldri er ljótur stimpill á afþreyingardönum og ótrúlegur fjöldi þeirra heimsþekktu listamanna sem heimurinn þekkir af verkum sínum hefur verið dæmdur fyrir að draga á tálar ungar „grúppíur“ með stjörnur í augunum. Jerry Lee Lewis sló hins vegar öllum við þegar hann giftist þrettán ára gamalli frænku sinni. Hann var enda baulaður niður af áhorf endum í Bretlandi.

4.500 konur í svörtu bókinni

Rokkarar njóta gjarnan kvenhylli enda þykir mörgum stúlkunum rokkarar bæði hættulegir og heillandi. Þeir Keith Richards og Mick Jagger hafa löngum verið taldir óflugir á skeiðvellinen, beir jafnast á við hinna tungulanga Gene Simmons sem hefur lýst því yfir í heyranda hljóði að hann hafi sængao hjá fjögur þúsund og fimm hundruð konum.

BOB DYLAN Tónlistarmaðurinn Bob Dylan er ósáttur við nútíma upptökutækni.

LUKE WILSON Parf að notast við annan rass en sinn eigin vegna aldurs. Leikarabræðurnir Luke og Owen Wilson þurftu báðir að láta einhvern annan sýna á sér rassinn í þeirra stað í nýjastu myndum sínum. Ástæðuna segja þeir vera að aldurinn sé farinn að segja til sín og sjáist það helst á bakhlutanum. Peir bræður munu hafa skemmt sért vel þegar þeir voru að velja sér rassa en sögðu þó að það hafi verið erfitt enda er nauðsynlegt að vanda valið.



Lélegur hljómur

Tónlistarmaðurinn Bob Dylan segir nútíma upptökutækni vera skelfilega og í raun einskis virði.

Dylan, sem er 65 ára, gefur um þessar mundir út sína fyrstu plötu í fimm ár, Modern Times. Í viðtali við tímarið Rolling Stones segist hann vera afar ósáttur við hljóminn á geisladiskum. „Ég veit ekki um neinn sem hefur gert plötu sem hljómar almenningilega undanfarin tuttugu ár,“ sagði Dylan. Bætti hann hví við að sín eigin tónlist hljómaði betur í hljóðveri heldur en á geisladiski. „Geisladiskar eru litlir, það er engin reisin yfir þeim,“ sagði hann.

Dylan hefur gefið út áttu hljóðversplötur á undanförnum tuttugu árum og alls 44 plötur á farsælum ferli sínum.

Elvis opnar á nýjum stað



Alvöru hnakkapartí

„Meiningin er að vera með mjög ykta hnakkastemningu á Yello á laugardaginn,“ segir Atli Rúnar Hermannsson, eigandi skemmtistaðarins Yello í Keflavík. „Hugmyndin er að gera aðeins grín að þessum hnakkaheimi en það verða að sjálfsögðu nokkrir opinberir hnakkabílar, eða Subaru Impreza, í hlaðinu og að auki verður leikin hressileg hnakkatónlist í partið, sem DJ Heiðar Austmann sér um,“ bætir Atli við og bendir væntanlegum gestum Yello á að það væri ekki verra ef hnakkauftítið yrði haft meðferðis í partið, sem hefst kl 22.00. „Ég og Öli Geir skemmtanastjóri verðum alveg í hnakkastemningunni, með stripur í hárinnu og „heltanaðir“. Síðan má nefna að allir sem eru með lögheimili á Selfossi fá óvæntan glaðning á barnum,“ segir Atli en andlit partísins er sjálfur Gillzen-egger sem prýðir auglýsingaplakot fyrir uppákomuna.



TVEIR GÓÐIR Atli Rúnar Hermannsson, eigandi Yello, er hér ásamt stórvini sínum, Ásgeiri Kolbeinssyni.

VERS'LUNARSTJÓRINN Rokkarinn Krummi hefur séð um búðina síðan hún opnaði og mun halda því áfram í nýju húsnæði.

ELVIS Búðin er flutt frá Vatnsstíg yfir á Klapparstíg og er opnunarpártí í kvöld.



Föstudagar eru sirkusdagar

Helgin í hnottkurn - ferskustu fréttirnar
Hollywoodslúðrið og persónuleg viðtöl

Sirkus kemur á föstudögum!

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólk og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.



FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Nýtt í bíó



Samuel L. Jackson fer á kostum í einum umtalaðasta spennutrylli ársins.



SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

SNAKES ON A PLANE kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
MIAMI VICE kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA
SYND I LUXUS kl. 5, 8 og 10.50
THE SENTINEL kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL. TAL. kl. 4 og 6
SILENT HILL kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL. kl. 4 og 6
OVER THE HEDGE ENSKT TAL kl. 4
STICK IT kl. 8

REGNBOGÍNN SÍMI 551 9000

SNAKES ON A PLANE kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
A PRAIRIE HOME COMPANION kl. 5.45, 8 og 10.15
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL. TAL. kl. 6
SILENT HILL kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA
CLICK kl. 5.50 og 8 B.I. 10 ÁRA
DA VINCI CODE SÍD. SÝNINGAR kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA

400 kr. í bíó!
Síðustu sýningar i
Regnboginn með rausu

Dolby THX BiO.IS – allt á einum stað

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

SNAKES ON A PLANE kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
MIAMI VICE * kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
THE SENTINEL * kl. 6 B.I. 14 ÁRA
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL. TAL. kl. 6
* SÍÐUSTU SÝNINGAR



Sínd kl. 6, 8 og 10.15 b.I. 16

Sínd kl. 6 og 9 b.I. 16



Sínd kl. 6 ISLENSKT TAL.

www.laugarasbio.is

LAUGARÁS BÍÓ bara lóxus

LBB. Topp 50 TV. Kálfmálinn

MIAMI VICE

FRA MICHAEL MANN DIRKJORA "COLLATERAL" OG "HEAT"

COLIN FARRELL JAMIE FOXX

"Þær sem vilja fassa vorða málu en að svíkni"

COLIN FARRELL

JAMIE FOXX

DAVID CARO

SAMBIÓIN

LADY IN THE WATER 12 ÚR SMÍD JIM HENSON FRÁÐER SKRÚNTUN FYRI ALLA FJÖLSÝLDUNA.

5 CHILDREN & IT 5 CHILDREN & IT 60.000 MANNS MED HINUM KNAÁ FREDDIE HIGHMORE ÚR "CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY" OG "FINDING NEVERLAND".

MIAMI VICE SVALASTA MYND SUMARSINS. COLIN FARRELL JAMIE FOXX MIAMI VICE 16

OVER THE HEDGE 12 LONG WEEKEND 5 CHILDREN & IT SUPERMAN RETURNS 20.000 MANNS OVER THE HEDGE

AKUREYRI

KEFLAVÍK

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

ALFABAKKA

KRINGLUNNI

AKUREYRI

KEFLAVÍK

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

LADY IN THE WATER KL. 5:30-8-10:20 B.I. 12
LADY IN THE WATER VIP KL. 5:30-8-10:20 B.I. 12
5 CHILDREN & IT KL. 4-6 LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 5-7-8-10 B.I. 12
THE LONG WEEKEND KL. 8-10:10 B.I. 14
OVER THE HEDGE ísl. tal KL. 4-6 LEYFD
OVER THE HEDGE enskt. tal KL. 11 LEYFD
SUPERMAN RETURNS KL. 8 B.I. 10
BÍLAR ísl. tal KL. 4 LEYFD

LADY IN THE WATER KL. 5:40-8-10-10:30 B.I. 12
5 CHILDREN & IT KL. 4-6 LEYFD
MIAMI VICE KL. 8-10:45 B.I. 16
***PIRATES OF THE CARIBBEAN 2** KL. 8-11 B.I. 12
***OVER THE HEDGE ísl. tal** KL. 4 LEYFD
***OVER THE HEDGE enskt. tal** KL. 4-6 LEYFD
***SYNDAR Í STAÐRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ**

STORMBREAKER KL. 8 LEYFD
SILENT HILL KL. 10 B.I. 16
MIAMI VICE KL. 8 B.I. 16

5 CHILDREN & IT KL. 6 LEYFD
HALF LIGHT KL. 8-10:20 B.I. 16
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 6-9 B.I. 12

LADY IN THE WATER KL. 6-8:20-10:40 B.I. 12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 5:30-7-8:30-9-10:30 B.I. 12
SUPERMAN RETURNS KL. 6 B.I. 10
THE BREAK UP KL. 5:30-8-10:30 LEYFD

SAMBIÓIN SÍMI: 575-8900

www.sambioin.is

Hollywood-námskeið

Iceland Film Festival stendur laugardaginn 2. september fyrir yfirgripsmiklu eins dags Hollywood-námskeiði um undirstöðuatriði handritagerðar.



DEUCE BIGALOW David Garret var einn af handritshófundum Deuce Bigalow: European Gigolo.

Tveir starfandi Hollywood rithófundar sjá um kennsluna, beir David Garret og Gregg Rossen. Garret var m.a. einn höfunda myndanna Deuce Bigalow: European Gigolo og Corky Romano.

Sala á námskeiðið er hafin á miði. og í síma 580 8020.



CARL OG MOLLY Komast í smávandræði þegar góðvinur Carls, Dupree, flytur inn á þau.

Ólíkindatól-ið Dupree

Pau Matt Dillon, Owen Wilson og Kate Hudson leika aðalhlutverkin í kvíkmyndinni You, Me and Dupree sem hefur gert ágætishluti vestanhafs. You, Me and Dupree segir frá hinum nýgíftu Carl og Molly sem Dillon og Hudson leika. Pau eru rétt búin að koma sér fyrir í nýju húsi þegar gamall vinur Carls, Dupree, bankar upp á. Hann hefur lent í útistöðum við yfirmann sinn og skortir bæði vinnu og pening. Carl er í fyrstu mjög hrifinn af því að skjóta skjólhúsí yfir þennan gamla vin enda er Dupree bæði kærulaus og yfirmáta skemmtilegur ... í fyrstu. Carl reynist þó erfitt að fylgja eftir fíflalátum Duprees og að halda konunni sinni góðri. Auk þeirra Dillons, Wilsons og Hudson leikur Michael Douglas stórt hlutverk í myndinni sem er leikstýrt af bræðrurnum Joe og Anthony Russo en peir eiga heiðurinn af hinum feikivinsælu sjónvarpsþáttum Arrested Development.



NICK Fær það hlutskipti að kynna sigarettur sem luxusvörú á tímum þar sem tóbaksframleidendur eru hundeltir af skaðabóta-lögfræðingum.

ROBERT DUVALL Leikur tóbaksframleidanda sem svíft einskis í að ná fram markmiðum sínum.

Auk Eckharts kemur fyrir

Kalli Tomm með súpergrúppu

Karl Tómasson, trommuleikari og forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ, hefur safnað saman góðum vinum og hljóðfæraleikurum sem munu leika saman í Hlígarði á laugardagskvöldi. „Pessi dansleikur er haldinn í tilefni af bæjarháttíðinni í túnini heima, sem haldin er annað árið í röð í Mosfellsbæ. Það er hefð fyrir því að foreldrafélagið Prumur og Eldingar, sem er starfrækt í kringum yngri flokkastarfíð í fótbalta hjá Aftureldingu, haldi öflugan dansleik einu sinni á ári í bæjarfélaginu. Að þessu sinni er sú uppákomu komin inn í þessa háttíð,“ segir Karl og bætið hví við að bæjarfélagið muni iða af lífi alla helgina enda verði boðið upp á glasilega dagskrá úti um allan bæ.

„Það verður nú einhver hreyfing á sviðinu þar sem við erum svo margir að við verðum væntanlega

allt lagt í sölurnar.“ Karl stóð sjálfur fyrir því að safna saman tónlistarmönnum fyrir dansleikinn en grunnurinn að hljómsveitinni eru félagar hans úr Gildrunni. „Svo koma náttúrlega Hilmar og Guðsti úr Hljómi, sem er vinsæll gitardúett í bæjarfélaginu. Magnús Stefánsson, trommuleikari Utangarðsmanna og Egó, verður með okkur en hann hefur alltaf verið einn af mínum uppáhaldstrommuleikurum. Einnig eru í hljómsveitinni Jóhann Ásmundsson úr Mezzoforte, Nikulás Róbertsson úr Paradís og Start auk aðalsöngvara kvöldins, Birgis Haraldssonar úr Gildrunni,“ segir Karl en það er ljóst að einvalaði tónlistarmanna verður á sviðinu í Hlígarði á laugardagskvöldi.

„Það verður nú einhver hreyfing á sviðinu þar sem við erum svo margir að við verðum væntanlega

ekki allir á sviðinu í einu. Annars erum við búin að æfa vel fyrir kvöldið og ég lofa hörkudansleik þar sem allir ættu að heyra eitthvað við sitt hæfi. Við verðum að mestu með lög frá hinum og þessum hljómsveitum en auðvitað tökum við einhverja gamla og góða Gildrusefni.“ Karl segir stóra dansleiki haldna ótrúlega sjaldan í Mosfellsbæ. „Almennt er þó mjög góð mæting meðal heimamanna þegar beir eru haldnir en það er eins hér og annars staðar að skemmtanalífið hefur færst meira inn á þöbbana.“ Þess má geta að á bæjarháttíðinni, sem mun standa alla helgina, verða meðal annars markaðir, brenna, brekkusöngur, kjúklingaveisla og vegleg flugeldasýning. Hápunktur helgarinnar verður þó án efa ballið í Hlígarði.

sigridurh@frettabladid.is

CHRISTOPHERS BUCKLEY Aaron Eckhart leikur Nick sem fær það erfða hlutverk að kynna glæsileika þess að reykja sigarettur en á undanförnum árum hefur tóbaksfönduninn mætt sitja undir stanslausum árásum vegna framleiðslu, og ekki síst markaðsetningu sinnar.

Nick er hins vegar snillingur í að beita allskyns fáránlegum rökum og snýr áhorfendum sínum í hringi. Sonur Nicks á erfitt með að skilja hvers vegna faðir hans er að kynna betta hættulega fíkniefni og þegar falleg fréttakona svíkur Nick virðist sem veröld hans hrynnji. Þó á eftir að reka einn nagla til viðbótar í líkkistu markaðsmannsins.

Auk Eckharts kemur fyrir



EINVALALÍÐ Birgir Haraldsson, Jóhann Ásmundsson, Nikulás Róbertsson, Sigurgeir Sigmundsson, Karl Tómasson, Magnús Stefánsson, Águst B. Linn og Hilmar Gunnarsson munu halda uppi stuðinu í Hlígarði á laugardaginn.

Tiefschwarz til landsins

Pýsku plötusnúðarnir Tiefschwarz koma fram á stóru Party Zonekvöldi á Nasa þann 15. september.

Tiefschwarz-liðar slógu rækilega í gegn á einu alskemmtilegasta klúbbkvöldi ársins í janúar í fyrra á árlistakvöldi Party Zone. Síðan þá hafa beir meðal annars gefið út hina lofuðu plötu Eat Books.

Forsala og miðaverð á Party Zone-kvöldið verður tilkynnt síðar.

www.sturta.is

allan sólarhringinn!



Fyrir hornið...
Sími: 565-5566

sturta.is

Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006 Öflugur gólpvottavélar frá TASKI

738.807 kr.

TASKI Swingo 1250 B



Býðst einnig á rekstarleigu. Hafðu samband við rágjafa RV og kynntu þér málid.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhlási 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Tap gegn Slóvökum

Íslenska píltalandslíðið í knattspyrnu, skipað leikmönnum átján ára og yngri, tapað í gær fyrir Slóvakíu, 3-1, á alþjóðlegu móti sem fer fram í Tékklandi þessa dagana. Oddur Ingi Guðmundsson kom Íslandi yfir snemma leiks en Slóvakar skorðu þrígis áður en leiknum lauk. Næsti leikur liðsins verður á morgun gagn Pólland.

sport

sport@frettabladid.is



JOSE MOURINHO Er ekki sáttur þessa dagana með störf UEFA.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mourinho illur út í UEFA:

Chelsea gæti mætt Barca

FÓTBOLTI Jose Mourinho er allt annað en sáttur við Knattspyrnusamband Evrópu sem ákvað að setja ensku meistarana í 2. styrkleikaflókk fyrir dráttinn í riðla-keppni meistaradeildar Evrópu sem fram fer í dag. Í fyrsta styrkleikaflókki eru Barcelona, AC Milan, Inter Milan, Real Madrid, Valencia, Manchester United, Liverpool og Arsenal.

„Inter Milan er sett í flokk fyrir ofan okkur þó að við séum enskir meistarar en Inter endaði í 3. sæti á Ítalíu,“ sagði Mourinho. Uppröðun UEFA í flokka fer eftir frammistöðu liðanna í Evrópukeppnum síðustu fimm ár og einnig er tekin inn í frammistaða landsliða landanna sem liðin koma frá. Liverpool og Arsenal þurftu t.d. að fara í gegnum forkeppni til að komast í riðla-keppnina að þessu sinni en þau lið eru sett fyrir ofan Chelsea vegna árangurs þeirra í Evrópukeppnni síðustu fimm ára. - dsd



RONALDO Gæti verið á leiðinni aftur til Ítalíu þar sem hann lék í 5 ár með Inter.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ronaldo:

Hugsanlega á leið til Milan

FÓTBOLTI Adriano Galliani, varaforseti AC Milan, flaug í gær til Madrid til viðræðna við forráðamenn Real Madrid um hugsanleg kaup á brasílska söknarmanninum Ronaldó. „Við vitum að Ronaldo hefur áhuga á að koma til okkar en fyrst þurftum við að ræða við Real Madrid,“ sagði Galliani en Ronaldo lék á sínum tíma fimm leiktíðum með hinu Milánó-liðinu, Internationale.

Carlos Teves hefur einnig verið orðaður við AC Milan en eflaust verða nokkrir leikmenn til viðbótar orðaðir við þá þar til lokað verður fyrir leikmannakaup 31. ágúst nækt.

- dsd

ÁGÚST BJÖRGVINSSON KÖRFUKNATTEIKSPJÁLFARI: VINSÆLL Í LITHÁEN

Hafnaði tilboði frá litháisku meisturunum

Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleík, hafnaði á dögum tilboði frá litháisku meisturunum Lietuvos Rytas en þeir vildu fá Ágúst sem aðstoðarþjálfara hjá liðinu. Eftir mikla og langa yfirlegu ákvað Ágúst að hafna tilboðinu þó það hafi verið freistandi enda hér á ferðinni eitt besta lið í Evrópu.

„Það var vissulega mjög erfitt að segja nei en aðstæður hjá mér í dag bjóða ekki upp að ég flytji utan með skómmum fyrirvara. Það er mjög spennandi vetur framundan með Haukunum þar sem við ætlum aftur í Evrópukeppni og svo er ég að setja upp körfubolataakademíu hjá Flensborg ásamt fleiri. Það er því nóg að gera hjá mér,“ sagði Ágúst við Fréttablaðið í gær en hann var þá að

fylgjast með leik Bandaríkjanna og Ítalíu á HM í körfubolta.

Ágúst dvaldi í Litháen í einn og hálfan mánuð í sumar en hann fór utan til að gifta sig en konan hans er frá Litháen. Ágúst er ekki ókunnugur í landinu því hann dvaldi í landinu veturinn 2003-2004 en hann var þá að vinna hjá þessu félagi sem sjálfbóðalíði.

„Þetta er frábært tækifæreri enda hefði ég getað unnið eingöngu við körfubolata og það á finum launum. Það sem ég stefni að er að komast út í að þjálfa á fullum launum en þeir

